

Sjálfsmatsskýrsla



VARMAHLÍÐARSKÓLI
Sjálfsmatsskýrsla
2014-2015

Innihald

SAMANTEKT NIÐURSTAÐNA OG ÁFORM UM ÞRÓUNAR- OG NÝBREYTNISTARF	3
INNGANGUR	4
UM VARMAHLÍÐARSKÓLA	5
MARKMIÐ SKÓLASTARFS	6
NEMENDUR	6
STARFSMENN	7
SJÁLFSMATSADFERÐ OG FRAMKVÆMD MATS.....	7
SJÁLFSMAT VETURINN 2014-2015.....	9
ÁÆTLUN SJÁLFSMATS 2014-2015.....	10
MATSPÆTTIR OG NIÐURSTÖÐUR MATSHÓPA SKÓLAÁRIÐ 2014-2015	10
<i>Þróunaráætlun gg 5.5 Væntingar og leiðir sem stuðla að árangri</i>	<i>11</i>
<i>Þróunaráætlun gg 5.6 Jafnrétti og sanngirni</i>	<i>12</i>
<i>Þróunaráætlun gg 5.7 Samstarf við nemendur og foreldra</i>	<i>14</i>
<i>Þróunaráætlun gg 5.8 Umhyggja, velferð og þroski nemenda</i>	<i>15</i>
<i>Þróunaráætlun gg 5.2 Kennsla sem leiðir til árangursríks náms.....</i>	<i>16</i>
<i>Þróunaráætlun gg 5.3 Til móts við námsþarfir</i>	<i>18</i>
<i>Þróunaráætlun gg 5.4 Mat í þágu náms/leiðsagnarmat</i>	<i>20</i>
ÞRÓUNARÁÆTLUN GG HEILDARSÝN GRUNNSKÓLA SKAGAFJARÐAR Í UPPLÝSINGA- OG TÆKNIMÁLUM	25
FÁ FJÁRMAGN TIL TÆKJAKAUPA	25
<i>Nám og námsaðstæður, þróunaráætlun – 9. bekkur.....</i>	<i>27</i>
<i>Nám og námsaðstæður, þróunaráætlun – 10. bekkur.....</i>	<i>30</i>
<i>Nám og námsaðstæður, þróunaráætlun – 7. bekkur.....</i>	<i>33</i>
<i>Nám og námsaðstæður, þróunaráætlun – 8. bekkur.....</i>	<i>36</i>
SKÓLAPÚLSINN	37
SKÓLAPÚLSINN NEMENDUR.....	38
SKÓLAPÚLSINN FORELDRAR.....	40
<i>Nám og kennsla</i>	<i>40</i>
<i>Velferð nemenda.....</i>	<i>41</i>
<i>Aðstaða og þjónusta</i>	<i>41</i>
<i>Foreldrasamstarf.....</i>	<i>42</i>
<i>Heimastuðningur</i>	<i>43</i>
SKÓLAPÚLSINN STARFSFÓLK	43
<i>Allir starfsmenn – Almennt</i>	<i>43</i>
<i>Allir starfsmenn – Viðhorf til skólans</i>	<i>44</i>
OLWEUSARKÖNNUN Á EINELTI.....	44
ÁRLEG SKIMUN STARFSFÓLK.....	45
SAMANTEKT NIÐURSTAÐNA OG ÁFORM UM ÞRÓUNAR- OG NÝBREYTNISTARF	46
ÁÆTLUN UM INNRA MAT 2014-2017	48

VIÐAUKI 1 ÁRLEG SKIMUN	49
VIÐAUKI 2 EINKUNNASKALI.....	50

Samantekt niðurstaðna og áform um þróunar- og nýbreytnistarf

Skólastjóranskipti urðu í Varmahlíðarskóla sumarið 2013. Freyja Friðbjarnardóttir, sem þá var ráðin, fór í veikindaleyfi um miðjan október 2014. Eftir það gegndi Kristvina Gísladóttir, aðstoðarskólastjóri, stöðu Freyju en ekki var ráðið í starf Kristvinnu. Vinna við sjálfsmatið fór fram samkvæmt áætlun en ýmis önnur vinna sem áætluð hafði verið í vetur varð að láta undan síga vegna þessarar aðstæðna. Má þar nefna skólanámskrárgerð, vinnu við starfsmannahafndbók og endurskoðun námsmats. Nú hefur verið rýnt í niðurstöður sjálfsmats og kannana sem fram fóru í vetur og niðurstöður settar fram hér á eftir.

Áfram verður unnið að því að setja fram nýja skólanámskrá þar sem tekið er tillit til áherslu nýrrar Aðalnámskrár grunnskóla. Vinna þarf með sýn og stefnumótun skólans með þátttöku allra aðila skólasamfélagsins. Fullvinna þarf starfsmannahandbók og aðrar þær áætlanir sem þurfa að vera til staðar og er þar sérstaklega brýnt að huga að símenntunaráætlun. Rýna verður í starfshætti, kennsluaðferðir, námsmat og ábyrgð nemenda á eigin námi með eigin markmiðasetningu til lengri og skemmri tíma. Hér verður stiklað á atriðum sem kannanir og annað mat leiddi í ljós:

- Þróun skólanámskrár sbr. Aðalnámskrá grunnskóla 2011.
- Áfram þarf að þróa og bæta námsmatsaðferðir.
- Náms- og starfsráðgjöf þarf að móta og stórbæta.
- Setja þarf fram skýra stefnu skólans og sýn, með þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra/forsjáraðila og samstarfsstofnana.
- Auka ber skilvirkni teymisvinnu starfsfólks og auka ætti þverfaglega samvinnu starfsfólks innanhúss sem og við samstarfsaðila í samfélaginu.
- Stjórnun, þ.m.t. fjármálastjórnun og forysta hvað varðar nýbreytni og þróun má vera skýrari.
- Leggja þarf meiri áherslu á nýbreytni- og breytingastarf.
- Setja þarf fram raunhæfa símenntunaráætlun sem tekur mið af niðurstöðum sjálfsmats auk áhuga einstaka starfsfólks. Leggja sérstaka áherslu á upplýsingatækni.
- Þróa þarf betur gerð einstaklingsáætlana fyrir nemendur með sérþarfir og vinna að því að nýta þær betur í skólastarfinu.
- Efla markmiðasetningu og sýnileika markmiða meðal kennara og nemenda.
- Fylgja verður markvisst eftir niðurstöðum samræmdra könnunarprófa, greina sterka og veika þætti og útbúa aðgerðaráætlun sem unnið verður eftir.
- Hugla betur að flutningi nemenda á milli ára, sérstaklega við kennaraskipti, með því að vera duglegri að skrásetja og bæta upplýsingagjöf.
- Hafa formlegar samræður reglulega á milli nemenda og kennara um námsstöðu þar sem nemandi er knúinn til að skoða sjálfan sig og meta sem námsmann.
- Auka ábyrgð nemenda á eigin námi

- Stórbæta verður tölvukerfi og tækjabúnað í skólanum.

Inngangur

Öllum grunnskólum ber að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat samkvæmt 35. og 36. grein grunnskólalaga. Hér má sjá grunnskólalögin á eftirfarandi slóð:

<http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=d43fd486-c36f-43b3-be74-8ed4e265dd93>

Með sjálfsmatinu fer fram víðtæk gagnaöflun um skólastarfið. Árangur skólans í einstökum þáttum er metinn þar sem markmið skólans eru lögð til grundvallar sem viðmið. Í matsferlinu eru sterkir og veikir þættir skólastarfsins dregnir fram. Leitað er leiða til að viðhalda sterku þáttunum og efla þá enn frekar. Brugðist er við veikum þáttum með því að setja fram þróunaráætlun sem felur í sér umbætur á viðkomandi þætti í skólastarfinu. Þannig á sjálfsmatið ætíð að stuðla að umbótum í skólastarfi. Tilgangur þess er fyrst og fremst sá að gera góðan skóla betri. Sjálfsmat skóla er því leið til að miðla þekkingu á skólastarfinu og er liður í þróun og vexti hvers skóla.

Varmahlíðarskóli hefur notað *Gæðagreinana*, sjálfsmatskerfi að skoskum uppruna, allt frá haustinu 2002. Skólaskrifstofa Skagfirðinga þýddi efnið *How good is our school* árið 1999. Árið 2010 var þriðja útgáfa af gæðagreinunum þýdd og nefnist hún *Gæðagreinar 2*. Gæðagreinarnir hafa frá upphafi verið aðgengilegir öllu skólafólki, m.a. á vef fræðsluþjónustu Skagafjarðar.

Sjálfsmatsteymi var sett á laggirnar í upphafi skólaárs. Í því eiga sæti skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, fulltrúi kennara og fulltrúi starfsmanna ásamt kennsluráðgjafa. Hlutverk þess er að fylgja eftir matsáætlun skólans, rýna í matsþætti og hafa umsjón með eftirfylgni þróunaráætlana. Í vetur störfuðu í teyminu Helga Harðardóttir, Freyja Friðbjarnardóttir, Kristvina Gísladóttir, Guðbjörg Sigfúsdóttir og Ólafur Sindrason. Freyja Friðbjarnardóttir var í veikindaleyfi frá miðjum október 2014 og í stað Guðbjargar Sigfúsdóttur kom Hafdís Stefánsdóttir. Kennsluráðgjafi sér um fyrirlögn og úrvinnslu. Skólastjóri sér um árlega sjálfsmatsskýrslugerð. Á skólaárinu var unnið samkvæmt þriggja ára áætlun um innra mat skólans með sjálfsmatsaðferðum skólans, *Gæðagreinum 2*. Matsniðurstöður og leiðir til umbóta í þeim þáttum sem lagðir voru fyrir eru birtar í þessari skýrslu.

Um Varmahlíðarskóla

Varmahlíðarskóli er í Varmahlíð í Skagafjarðarsýslu og er rekinn af Sveitarfélaginu Skagafirði og Akrahreppi. Í Varmahlíð hefur verið skóli allt frá árinu 1944, en næstu tvo veturna var unglingaskóli í Varmahlíð. Skólahald lagðist niður eftir þetta en hófst að nýju árið 1966 í leiguhúsnæði í Miðgarði ófullgerðum. Næstu ár var rekinn héraðsskóli í Miðgarði og kennt var í tveimur bekkjum. Núverandi skólahús var byggt á árunum 1973 - 1976 þegar tíu sveitarfélög í héraðinu, ásamt menntamálaráðuneytinu, sameinuðust um rekstur heimavistarskóla.

Árið 1974 tók skólinn til starfa í samræmi við grunnskólalögin sem þá voru í gildi. Hann starfar samkvæmt gildandi lögum um barna- og unglingafræðslu í landinu og hefur tekið breytingum samfara breytingum á þeim. Flestir urðu nemendur 167 og voru þá um 60 - 70 þeirra í heimavist. Heimavistin við skólann var lögð niður árið 1998. Upptökusvæði skólans er í stuttu máli Varmahlíð og dreifbýli í framanverðum Skagafirði en auk þess koma nemendur skólans frá öðrum svæðum. Frá haustinu 2006 hafa allir grunnskólanemendur úr Akrahreppi sótt skóla í Varmahlíð. Allir nemendur utan göngufæris við skólann eru í daglegum heimanakstri.

Allir bekkir eiga sína heimastofu. Tölvuver með 17 nettengdum tölvum er nýtt skv. sérstakri stofuúthlutun og kennslustundaskrá í noktun tölvutækninnar. Reynt hefur verið að flétta þá kennslu inn í kennslu í bóklegum greinum. Nemendum 8., 9. og 10. bekk er boðið upp á valáfanga sem hluta af námi. Nemendum í 10. bekk bauðst valáfangi UTN 103, í samvinnu við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki og nýttu 18 af 21 nemendum bekkjarins sér það. Auk þess stunduðu átta nemendur 10. bekkjar nám í framhaldsskólaáföngum, 7 í ensku 102 og 1 í dönsku 202. Bókasafn eða upplýsingamiðstöð skólans liggur að tölvustofunni. Þar eru fjórar nemendatölvur sem eru samnýttar með tölvuverinu þegar það á við. Smíðar, heimilisfræði og málmsmíði eiga sínar sérgreinastofur. Það sem upp á vantar er sérstök aðstaða fyrir kennslu í náttúruvísindum, textílmennt og myndmennt þar sem textílmennt og myndmennt þurfa núna að samnýta eina kennslustofu.

Skólastarf hefst kl. 8:20 á morgnana. Skólabílstjórar eru sjö. Nokkuð er breytilegt milli vikudaga hve lengi er kennt. Á fimmtudögum eru tækifæri til félagsstarfa fyrir eldri nemendur og er nemendum ekið heim að þeim loknum. Þetta hefur verið nýtt aðra hverja viku í vetur vegna hagræðingar í rekstri. Einnig gefst eldri nemendum kostur á fjölbreyttu félagsstarfi á vegum Félagsmiðstöðvarinnar Friðar, utan Varmahlíðar. Diskótek eru haldin á fjögurra til sex vikna fresti fyrir eldri nemendur á vegum skólans. Haldnar eru tvær bekkjarskemmtanir fyrir hvern bekk á hverju skólaári í umsjón umsjónarkennara. Félagsstörf yngri nemenda hafa einnig verið í höndum umsjónarkennara. Foreldrafélag starfar við skólann og hefur það komið að starfi skólans með ýmsum hætti.

Bekkjarfulltrúar foreldra voru kosnir á aðalfundi í haust og stóðu þeir að veglegri aðventugleði í lok nóvember ásamt skemmtilegri vorhátíð síðasta skóladaginn í vor.

Í mötuneyti skólans fá nemendur og þeir starfsmenn sem þess óska, morgun- og hádegisverð daglega og miðdegisdrykk á fimmtudögum. Kvöldmatur er einnig framreiddur þegar þörf er á.

Tónlistarskóli Skagafjarðar hefur um árabíl haft aðsetur í Varmahlíðarskóla. Eiga nemendur skólans kost á að sækja tónlistarkennslu á skólatíma. Í vetur sóttu 48 nemendur Varmahlíðarskóla tónlistarnám sitt á skólatíma. Er það talið auka gæði náms, fjölbreytileika í skólastarfi og telst til forréttinda að nemendur í dreifbýli eigi kost á að sækja tónlistarnám á skólatíma. Mikil og farsæl samvinna er á milli Varmahlíðarskóla og Tónlistarskóla Skagafjarðar.

Markmið skólastarfs

Nám er kjarni skólastarfs og efling náms í Varmahlíðarskóla er meginviðfangsefni starfsmanna hans. Vilji er til þess að rýna til gagns og finna leiðir til að vera í fremstu röð. Þróun starfshátta er órjúfanlegur hluti af starfi skólans. Vinnulag er sífellt til ígrundunar, fagleg forysta kennara er í lykilhlutverki og samráð og samstarf eru lykilþættir í starfinu. Varmahlíðarskóli skilgreinir sig sem sveitaskóla í nútíð og framtíð þar sem áhersla er lögð á fortíð með því að hafa heimabyggðina sem kjarna náms og miða viðfangsefni við það eftir því sem kostur er. Gætir þessa í skólastarfinu allt árið.

Nemendur

Í upphafi skólaárs voru nemendur 137 en í lok þess voru nemendur alls 138. Skipting í bekkir er eins og hér segir:

1. bekkur	13 nemendur	Umsjón Lára Gunnðís Magnúsdóttir
2. bekkur	7 nemendur	Umsjón Birgitta Sveinsdóttir
3. bekkur	8 nemendur	Umsjón Birgitta Sveinsdóttir
4. bekkur	14 nemendur	Umsjón Sara Gísladóttir
5. bekkur	11 nemendur	Umsjón Hafdís Skúladóttir
6. bekkur	15 nemendur	Umsjón Sigrún Benediktsdóttir
7. bekkur	15 nemendur	Umsjón Helga Sigurðardóttir
8. bekkur	14 nemendur	Umsjón Sigríður Ólöf Sigurðardóttir
9. bekkur	20 nemendur	Umsjón Guðrún Helga Jónsdóttir
10. bekkur	21 nemendur	Umsjón Ólafur Atli Sindrason

Starfsmenn

Starfsmenn skólans voru 40 í vetur. Stjórnendur voru þrír, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri stoðþjónustu. Kennarar voru 18 í 14,3 stöðugildum. Þar af eru tveir leiðbeinendur sem kenna valgreinar. Einn þroskaþjálfari er í 85% stöðu. Við skólann starfa ritari, húsvörður og umsjónarmaður íþróttamannvirkja. Aðrir starfsmenn í íþróttahúsi eru þrír í 2,4 stöðugildum. Í mötuneyti starfa fjórir matráðar í 3,4 stöðugildum. Stuðningsfulltrúar voru fjórir. Skólaliðar eru fjórir í 3,4 stöðugildum auk þess sem tveir þeirra gegndu einnig stöðum stuðningsfulltrúa. Alls eru stuðningsfulltrúar í 2,6 stöðugildum.

Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats

Gert er ráð fyrir að allir þættir skólastarfsins séu metnir með aðferðum Gæðagreina yfir þriggja ára tímabil. Sérstök áætlun er gerð þar um og er hún birt í sérkafla hér í sjálfsmatsskýrslu. Kerfið er sveigjanlegt og auðvelt er að bregðast við og beina sjónum að einstökum þáttum í skólastarfinu þegar þörf krefur. Þannig getur áætlunin tekið breytingum í takt við skólastarfið á hverjum tíma.

Í Gæðagreinum 2 byggir líkanið á því að skólastarfinu sé skipt í níu lykilþætti, sem flestir eru síðan greindir í tvo eða fleiri undirþætti eða þemu.

- 1. Heildarárangur**
- 2. Áhrif á nemendur**
- 3. Áhrif á starfsfólk**
- 4. Áhrif á samfélagið**
- 5. Menntun**
- 6. Stefnumótun og áætlanagerð**
- 7. Starfsmannastjórnun og stuðningur við starfsfólk**
- 8. Samvinna og búnaður**
- 9. Forysta**

Þegar mat á einstaka gæðagreinum fer fram liggja ávallt fyrir þrjár grundvallarspurningar. Þær eru eftirfarandi:

- 1. Hvernig stöndum við okkur?**
- 2. Hvernig vitum við það?**
- 3. Hvað gerum við næst?**

Í Gæðagreinum 2 eru einnig settar fram sex lykilspurningar. Þær eru grunnur að lykilþáttunum níu. Í viðauka 1 um gæðarammann má sjá flokkun á gæðagreinum m.t.t. þessara lykilspurninga. Sé leitað svara við einni af þessum lykilspurningum er leiðbeint

um hvaða þætti skólstarfsins þarf að skoða, skv. gæðagreinunum. Gæðarammann má skoða á bls. 43 í Gæðagreinum 2 sjá hér.

Lykilspurningarnar sex úr Gæðagreinum 2 eru eftirfarandi:

1. **Hvaða árangri höfum við náð?**
2. **Hversu vel mætum við þörfum skólasamfélagsins?**
3. **Hversu góða menntun veitum við?**
4. **Hversu góð er stjórnun skólans?**
5. **Hversu góð er forystan í skólanum?**
6. **Hverjir eru möguleikar okkar til framfara?**

Í Gæðagreinum 2 er einkunnaskali sem gerir ráð fyrir einkunnagjöf á bilinu 1-6. Sett eru fram viðmið um einkunnina 5 sem er ***mjög gott*** og einkunnina 2 sem er ***slakt***. Hljóti skóli einkunnina 6 í einhverjum gæðagreini þarf starfið í þeim þætti að vera framúrskarandi á landsvísu og skólinn leiðandi á því sviði eða að matsaðilar telja það starf sem viðkemur tilteknum gæðagreini sé þess verðugt að útbreiða og kynna öðrum. Sjá einkunnaskala í viðauka 2.

Framkvæmd matsins

Starfsmenn skólans vinna að matinu í matshópum, skipting fer eftir aðstæðum og matsþáttum hverju sinni. Hver matshópur ígrundar atriðin sem koma fram á matseyðublaðinu og getur gefið einkunn fyrir hvern lið ef hann kýs svo. Það er hins vegar ekki markmið í sjálfu sér að hverjum lið sé gefin einkunn heldur að hópurinn komi sér saman um heildareinkunn fyrir öll atriðin sem koma fram í gæðagreininum sem liggur fyrir til mats.

Í matsvinnunni eru styrkleikar og þeir þættir sem þarfnast úrbóta í gæðagreininum dregnir fram og rökstuddir. Gjarnan er talað um „sönnunargögn“ í þessu tilliti. Í viðauka 5 í Gæðagreinum 2 eru dæmi um hvernig leita má sönnunargagna eða vísbendinga til að styðjast við í matinu. Matshópurinn setur einnig fram sameiginlega sýn á mikilvægi þáttanna í gæðagreininum.

Á matsblaðið eru settar fram tillögur um aðgerðir sem útfærðar eru nánar í þróunaráætlun sem unnin er í kjölfar mats. Í þróunaráætlun eru settar fram markmiðssettar umbóta-tillögur, þær tímasettar og tillögur gerðar um hverjir eigi að hafa umsjón með að þeim sé framfylgt. Viðmið eru einnig sett fram um hvernig meta eigi árangur umbótanna.

Draga má saman og skilgreina vinnubrögðin í mati með aðferðum Gæðagreinanna í fjórum skrefum:

1. **Skilgreining lykilþátta**, undirþátta eða þema eftir því sem við á.

2. **Skilgreining viðmiða**, hvað þarf til að standa undir einkunninni 5 og viðhalda henni. Einnig eru viðmið skilgreind fyrir einkunnina 2. Einkunnaskali frá 1-6 skilgreinir að auki gildi einkunna í matsvinnunni. Hæsta mögulega gefin einkunn er 6, eða **framúrskarandi**. Skotarnir gera ráð fyrir utanaðkomandi mati og staðfestingu á réttmæti slíkrar einkunnar þegar hún er gefin af starfsfólki skóla. Ekki er formlega unnt enn sem komið er hér á landi að kalla eftir slíkri endurgjöf utanaðkomandi aðila.
3. **Greining sterkra og veikra þátta**, umsögn og einkunnagjöf.
4. **Skilgreining leiða til að ná hámarkseinkunn**, eða að viðhalda henni. Stefnumótun í þróunaráætlun eftir því sem við á.

Nálgast má efni **Gæðagreina 2** á eftirfarandi slóð:

<http://www.arskoli.is/static/files/Gaedagreinar/gaedagreinar2-endanlegt-lokaskjal.pdf>

Nálgast má efni **How good is our school 3** á eftirfarandi slóð

<http://www.hmie.gov.uk/documents/publication/hgiosjte3.pdf>

Sjálfsmat veturinn 2014-2015

Á skólaárinu voru gæðagreinar lagðir fyrir til mats skv. þriggja ára matsáætlun. Í janúar voru lagðir fyrir starfmenn gæðagreinar 5.5 um væntingar og leiðir sem stuðla að árangri, gæðagreinar 5.6 um jafnrétti og sanngirni, gæðagreinar 5.7 um samstarf við nemendur og foreldra og gæðagreinar 5.8 um umhyggju, velferð og þroska nemenda. Í apríl voru lagðir fyrir gæðagreinar 5.2 um kennslu sem leiðir til árangursríks náms, gæðagreinar 5.3 um að koma til móts við námsþarfir og að síðustu gæðagreinar 5.4 sem fjallar um mat í þágu náms/leiðsagnarmat. Þá var í vetur lagður fyrir nýr gæðagreinar sem heitir Heildarsýn grunnskóla Skagafjarðar í upplýsinga-og tæknimálum. Tveir þriggja til fjögurra manna hópar starfsmanna lögðu mat á hvern gæðagreini.

Í vetur tóku fulltrúar nemenda þátt í mati á skólastarfinu með aðferðum Gæðagreina. Matið fór fram með nemendum í 9. og 10. bekk í október og með nemendum í 7. og 8. bekk í apríl. Gæðagreinar um **nám og námsaðstæður** var lagður fyrir til mats.

Árleg skimun á Gæðagreininum var lögð fyrir allt starfsfólk skólans í maí.

Í upphafi skólaársins var tekin ákvörðun um að taka inn vefkerfið Skólapúlsinn í alla grunnskóla í Skagafirði. Það kemur í stað þeirra foreldra og nemendakennanna sem hafa verið lagðar fyrir undanfarin ár. Notaðar eru kannanir í því vefkerfi sem lagðar eru fyrir alla nemendur í 6. – 10. bekk, úrtak 120 foreldra/forsjáaraðila nemenda við skólann og svo allt starfsfólk.

Fjallað er um kannanirnar og helstu niðurstöður í sérköflum hér á eftir.

Áætlun sjálfsmats 2014-2015

2014-2015
Samráðsdagur með foreldrum í október
Mat nemenda á skólastarfi í nóvember
Lykilþáttur 6
Samráðsdagur/ foreldrakönnun í febrúar
Lykilþáttur 5
Nemendakönnun Skólapúlsins í október og febrúar
Samráðsdagur með foreldrum í apríl
Mat nemenda á skólastarfi í apríl
Starfsmannakönnun Skólapúlsins í mars
Árleg skimun starfsfólks í maí
Sjálfsmatsskýrsla í júní

Fyrirhugað var að vinna með lykilþátt 6 um Stefnumótun og áætlanagerð. Þar sem skólanámskrá er ekki til í skólanum var í þess stað valið að leggja fyrir nýjan gæðagreinini sem snýr að upplýsingatækni og tæknimálum skólans.

Matsþættir og niðurstöður matshópa skólaárið 2014-2015

Hér á eftir eru settar fram niðurstöður mats úr þeim Gæðagreinum sem metnir voru á skólaárinu. Stuttlega gerð grein fyrir framkvæmd matsins, helstu niðurstöðum og áætlun um umbætur. Einnig er hægt að skoða viðmið um gæði fyrir hvern Gæðagreinini fyrir sig eftir því sem við á. Hér er bæði um að ræða mat starfsmanna og nemenda.

Gæðagreinir 5.5

Einkunn: 5 og 4

Væntingar og leiðir sem stuðla að árangri.

Vinnulag:

Gæðagreinirinn var metinn af tveimur fjögurra manna hópum starfsmanna á starfsmannafundi 21.01.2015.

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#).

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- Skólinn er með góðan árangur í námsgetu og hegðun
- Við styrkjum nemendur til árangurs til náms og starfs
- Lítið samfélag sem kallar á nánara samstarf við nærumhverfið
- Auðveldara að fylgja nemendum eftir þar sem fjöldi þeirra er ekki of mikill
- Starfsmenn hafa metnað hvort sem er í sínu starfi og fyrir hönd nemenda
- Reynt er að koma til móts við þarfir nemenda eftir bestu getu og efnum

Það sem þarf að bæta:

- Vinna nemenda mætti vera sýnilegri t.d. á verkum nemenda í verkgreinum
- Það mætti gera betur með að sýna það í verki að nemendur hafi staðið sig vel utan skóla
- Nemendur mættu gera meiri kröfur til sjálfs síns
- Verk nemenda er oft ekki nægilega sýnileg sbr. textíl og smíðar

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Ekkert sett fram

Tillögur um aðgerðir:

- Ekkert sett fram

Þróunaráætlun gg 5.5 Væntingar og leiðir sem stuðla að árangri

Markmið með umbótum:

- Að koma þessu á legg sem fyrst
- Ná betri árangri

Hvernig vitum við að því er náð:

- Þegar þetta verður sýnilegt og framkvæmt
- Með stöðugu mati

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Efla þarf sýningar á verkum nemenda í verklegum greinum	Stjórnendur	Sem fyrst	Áhuga, vilja, tíma	Þegar sýningar verða komnar upp
Það þarf að gera úr því þegar nemendur ná árangri utan skóla t.d. í upplestrarkeppi, stærðfræðikeppni, nýsköpunarkeppni o.fl. Hægt er að hafa þetta t.d. þegar söngur er í sal og nota tækifæri til þess	Stjórnendur	Sem fyrst	Áhugasemi	Þegar það verður sýnilegt
Nemendur setji sér sjálfir markmið	Nemendur	Að hausti og að vori	Vilja og hvatningu	Skoða markmið nemenda

Vinnulag:

Gæðagreinirinn var metinn af tveimur þriggja manna hópum starfsmanna á starfsmannafundi 21.01.2015.

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá hér

Sterku hliðarnar okkar:

- Virðing og gott samstarf milli bæði foreldra og nemenda
- Við reynum að mæta þörfum hvers nemanda á hans eigin forsendum og allir eru velkomnir í skólann

Það sem þarf að bæta:

- Lítil áhersla lögð á umfjöllun um jafnrétti í skólastarfi
- Gildi skólans þurfa að vera sýnilegri

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Að hver nemandi fái að njóta sín á eigin forsendum og að vera í góðu sambandi við aðstandendur

Tillögur um aðgerðir:

- Gera gildi skólans sýnilegri

Þróunaráætlun gg 5.6 Jafnrétti og sanngirni

Markmið með umbótum:

- Efla samstarf
- Viðhalda því sem vel er gert og gera enn betur

Hvernig vitum við að því er náð:

- Tekur ekki enda
- Með nýju mati

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Viðhalda góðu samstarfi meðal starfsfólks, nemenda og heimila	Allir starfsmenn	Aldrei	Gott samstarf	Mat með gæðagreini

Gera gildi skólans sýnilegri	Allir	Sem fyrst	Samvinnu	Með eftirfylgni og umræður
------------------------------	-------	-----------	----------	----------------------------

Gæðagreinir 5.7

Einkunn: 5 og 5

Samstarf við nemendur og foreldra.

Vinnulag:

Gæðagreinirinn var metinn af tveimur þriggja manna hópum starfsmanna á starfsmannafundi 21.01.2015.

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá hér.

Sterku hliðarnar okkar:

- Nálægð við samfélagið og mikil hlutverkaskörun í samfélaginu. Gott aðgengi foreldra að kennurum og starfsfólki. Reglulegt sjálfsmat sem dregur fram styrkleika og veikleika skólastarfsins og reglulegir samráðsfundir og kynningar á starfi skólans
- Við erum mjög opinn skóli og höfum gott samstarf við foreldra og nemendur. Foreldrar eru alltaf velkomnir í skólann og hafa gott aðgengi að starfsfólki, sbr. Viðtalstíma og hægt að ná tali af starfsfólki á hvaða tíma sem er

Það sem þarf að bæta:

- Almennt lítið um aðgengi t.d. að námsáætlunum, þ.e. á opnu neti eða þ.h.
- Gætum virkjað alla foreldra meira
- Okkur finnst úrvinnsla úr sjálfsmatinu mætti ígrunda betur. Við vinnum vinnuna en eftirfylgnin er ef til vill ekki í samræmi við vinnuna sem starfsfólk leggur í matið

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Gott aðgengi sé að upplýsingum er varða nemendur og nám þeirra. Gott aðgengi að starfsfólki. Samskiptaleiðir séu fjölbreytilegar. Áframhaldandi gott samstarf við heimilin
- Við erum sveitaskóli með gott aðgengi að foreldrum og náð samfélag og teljum að við veitum bæði foreldrum og nemendum góða upplýsingar um starfsemi skólans.

Tillögur um aðgerðir:

- Gera upplýsingar aðgengilegri á heimasíðu t.d. námsáætlanir og þ.h.
- Fá foreldra meira inn í starfið með starfskynningu og svoleiðis

Þróunaráætlun gg 5.7 Samstarf við nemendur og foreldra

Markmið með umbótum:

- Aðgengi námsáætlana á netinu (heimasíðu)
- Að gera gott skólastarf betra

Hvernig vitum við að því er náð:

- Þegar námsáætlanir hafa verið birtar á heimasíðu
- Þegar öllum líður vel innan skólans og standa sig vel í samræmi við getu

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Útbúa vettvang fyrir námsáætlanir á heimasíðu	Umsjónarmaður tölvumála/heimasíðu	Fyrir næsta vor	Tíma	Þegar kennarar eru farnir að setja inn áætlanir á nýjan vettvang
Virkja foreldra meira inn í skólastarfið	Allir	Aldrei	Vilja, jákvæðni og samstarfsvilja	Með könnunum og sjálfsmati hjá öllum aðilum
Tileinka okkur meira nýjungar í skólastarfinu	Allir	Aldrei	Vilja, jákvæðni, og samstarfsvilja	Símat

Gæðagreininir 5.8

Einkunn: 4+ og 4

Umhyggja, velferð og þroski nemenda.

Vinnulag:

Gæðagreininirinn var metinn af tveimur þriggja manna hópum starfsmanna á starfsmannafundi 21.01.2015.

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá hér.

Sterku hliðarnar okkar:

- Höldum vel utan um nemendur og þössum uppá líðan þeirra andlega og líkamlega. Smæðin hjálpar upp á að nemendur geti nálgast starfsfólk og komið sínum málum á framfæri. Leggjum mikið upp úr því að fylgja nemendum milli skólastiga
- Við erum heilsueflandi skóli og grænfánaskóli og starfsfólk er umhugað um velferð nemenda

Það sem þarf að bæta:

- Liður A – Engin skólanámskrá til – vantar að stefna sé skýr og sýnileg
- Vantar traust innanhúss – Fólk sendir lítið af „allir“ póstum. Á fundum tjáir fólk sig allt of sjaldan hreinskilnislega, þrátt fyrir að hafa ýmislegt til málanna að leggja
- Skert þjónusta hjá Fræðsluþjónustu hefur áhrif á okkar þjónustu við nemendur
- Það vantar námsráðgjafa og sálfræðing og kynningu á barnavernd, og að bakgrunnsupplýsingar fylgi nemendum sem hefja nám í skólanum

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Við pössum upp á nemendur en það vantar skólanámskrá og stefnumörkum
- Starfsfólk ber hag nemenda fyrir brjósti

Tillögur um aðgerðir:

- Skylda nemendur á unglingastigi í einhverskonar „fjármálalæsisval“. Nemendur reka heimili eða stofna fyrirtæki eða fleira. Tengingar við daglegt líf
- Leggjast í að semja skólanámskrá og klára það sem áður hefur verið byrjað á í að móta sýn og stefnu fyrir skólann. Taka lítið fyrir í einu og klára atriðin eitt og eitt. Gera þessa vinnu sýnilegri, tala um þessi hugtök og hvaða þýðingu þetta hefur fyrir okkur og skólastarfið allt
- Starfsfólkið þarf að vinna þessa vinnu
- Ráða sálfræðing og námsráðgjafa og félagsmálastjóra í heimsókn

Þróunaráætlun gg 5.8 Umhyggja, velferð og þroski nemenda**Markmið með umbótum:**

- Efla ráðgjöf við nemendur

Hvernig vitum við að því er náð:

- Þegar ráðgjafi og sálfræðingur eru teknir til starfa

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Kalla á aukinn skilning sveitarstjórnar vegna aðkallandi vanda	Skólastjóri og fræðslustjóri	Sem fyrst, haust 2015	Skilning og framkvæmd	Í næsta sjálfsmati

Kennsla sem leiðir til árangursríks náms.**Vinnulag:**

Gæðagreinirinn var metinn af tveimur fjögurra manna hópum kennara og stuðningsfulltrúa á starfsmannafundi 07.04.2015.

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá hér.

Sterku hliðarnar okkar:

- Skólinn kemur til móts við nemendur á þeirra forsendum
- Nemendur fá námsefni við hæfi og fá að halda áfram ef þeir geta í námsefninu en eru ekki stoppuð af. Eldri nemendur hafa ákveðið val þar sem þeir geta valið eftir áhuga
- Margir kennarar leggja krefjandi verkefni fyrir nemendur
- Nemendur geta haft áhrif á hvaða valgreinar eru í boði
- Skólinn kemur vel á móts við námsþarfir nemenda s.s. stuðningur
- Starfsmenn hafa góða yfirsýn m.a. vegna hagstæðrar stærðar á bekkjum

Það sem þarf að bæta:

- Endurgjöf mætti vera markvissari
- Upplýsingatækni þyrfti að skipuleggja betur
- Þurfum að ýta undir sköpun, áhugasemi og gagnrýna hugsun nemenda
- Endurmenntun kennara í upplýsingartækni er lítil sem engin
- Vantar betri samfellu yfir hvað er kennt í hverjum árgangi og að kennarar hafi betri yfirsýn yfir námsþættina.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Ekkert sett fram

Tillögur um aðgerðir:

- Skipuleggja kennslu í upplýsingatækni, gera námið samfellt

Þróunaráætlun gg 5.2 Kennsla sem leiðir til árangursríks náms**Markmið með umbótum:**

- Bæta skólastarfið
- Skólanámskrá

Hvernig vitum við að því er náð:

- Með samvinnu þeirra sem að skólastarfinu koma
- Skólanámskráin til á prenti eða í tölvu

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Markvissari endurgjöf til nemenda	Allir	Aldrei	Sameiginlegt átak, skýra stefnu	Með sjálfsmati
Gera námskrá í upplýsingatækni í öllum bekkjum, hvað á að kenna hverjum	Skólastjórnendur og umsjónar-kennarar	Sem fyrst og þarf að vera í sífelldri þróun	Gera skólanámskrá	Með símati
Endurmenntun starfsfólks í upplýsingartækni	Starfsfólk	Aldrei	Tíma og peninga	Gæðagreini

Gæðagreindir 5. 3

Einkunn: 4 og 5

Til móts við námsþarfir.

Vinnulag:

Gæðagreinirinn var metinn af tveimur þriggja manna hópum kennara og stuðningsfulltrúa á starfsmannafundi 07.04.2015.

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá hér.

Sterku hliðarnar okkar:

- Með mjög gott sérkennsluteymi og stuðningsnet
- Stuðningsúrræði með framúrskarandi hætti
- Erum góð í að gera einstaklingsáætlanir og sérúrræði, nemendur fá góða þjónustu
- Það er vilji starfsfólks skólans að mæta þörfum hvers og eins þar sem hann er staddur

Það sem þarf að bæta:

- Hér vantar skólanámskrá
- Það er of algengt að þróunarverkefnum sé ekki fylgt eftir, t.d. Orð af orði
- Þátttaka foreldra er lítil sem enginn í námsáætlanagerð

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Að mæta þörfum hvers og eins þar sem hann er staddur

Tillögur um aðgerðir:

- Klára að gera skólanámskrá
- Nýta einstaklingsnámskrár betur í námi nemenda með sérþarfir

Þróunaráætlun gg 5.3 Til móts við námsþarfir

Markmið með umbótum:

- Ljúka við skólanámskrá og marka okkur stefnu um notkun hennar dags daglega
- Skila nemendum sem best undirbúnum út í lífið

Hvernig vitum við að því er náð:

- Þegar skólanámskrá er komin í gagnið
- Fylgjast með þeim, rýna í einkunnir, leggja könnun fyrir gamla nemendur

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Ljúka við skólanámskrá, fá úthlutaðan tíma til að klára hana	Starfsfólk, aðallega kennarar	Vorið 2016	Tíma og vilja (súkkulaði)	Með yfirlestri starfsmanna, foreldra, skólanefndar og annarra sem málið varðar
Gera einstaklingsnámskrár virkari í námi nemenda með sérþarfir	Umsjónarkennarar og stuðningsfulltrúar	Aldrei	Skipulag	Með teymisvinnu og teymisfundum
Hafa ástríðu fyrir starfinu sínu og leggja áherslu á gagnkvæma virðingu nemenda og starfsmanna	Starfsmenn	Aldrei	Ástríðu og metnað	Viðmót gamalla nemenda
Samvinna og samstarf við foreldra þarf að vera innan vissra marka. En foreldrar mættu stundum hafa meira um námsframvindu barna sinna að segja	Samtal umsjónarkennara og foreldra	Aldrei	Vilja og áhuga	Meta samstarf heimila og skóla og framfarir barnsins

Vinnulag:

Gæðagreinirinn var metinn af tveimur þriggja manna hópum kennara og stuðningsfulltrúa á starfsmannafundi 07.04.2015.

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá hér.

Sterku hliðarnar okkar:

- Frekar fámennir bekkir og þar af leiðandi betri yfirsýn yfir þarfir hvers og eins
- Auðveldara að gera sér gein fyrir hvar nemendur eru staddir. Nálægð við nemendur og þeirra líf er mikil og það eykur meðvitund á málefnum þeirra svo hægt sé að taka tillit til þess hvar viðkomandi er staddur
- Starfsmannavelta er lítil og það hefur gríðarlega kosti
- Við höldum vel utan um hvern einstakling og stuðningur við þá sem þurfa er góður
- Við þekkjum hvern einstakling vel og reynum að miða kennsluna við þá þekkingu
- Hér er boðið upp á mikla fjölbreytni í valáföngum

Það sem þarf að bæta:

- Auka mætti fjölbreytni í námsmati og samvinnu milli starfsfólks sérstaklega er varðar námsmat
- Þjálfar nemendur í að ræða um og meta hvar þeir eru staddir í námi, auka þannig ábyrgð þeirra á eigin námi
- Markmiðasetning ætti að vera sjálfsagður hluti af námi jafnt fyrir kennara og nemendur
- Markmið ættu að vera sýnileg og umræða um hugtök sem þessu tengist nauðsynleg
- Erum stundum að grípa inn í of seint
- Við mættum virkja nemendur betur í umræðum um eigin námsskilning og leiðir að betri árangri
- Við mættum deila reynslu okkar af námsmati okkar með samstarfsfélögum og nota þær upplýsingar við námsáætlanagerð

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Að allir þeir sem koma að námi barnsins (foreldrar, kennarar og barnið sjálft) hafi meira samráð um það hvert skuli stefna í náminu og ábyrgð á því

Tillögur um aðgerðir:

- Nýta betur það námsmat sem fram fer t.d. reglubundin próf, skimunarpróf, samræmd próf o.fl. til upplýsinga og áætlanagerðar. Einnig hafa prófin oft að

geyma upplýsingar um almenn atriði í námi sem ætti kannski að nýta betur til leiðsagnar

- Flutningur nemenda á milli ára er oft veikur punktur sérstaklega ef um kennaraskipti er að ræða. Þetta væri hægt að auðvelda með notkun umsagna með einkunnagjöf og meiri skrásetningar
- Taka upp leiðsagnarmat í Mentor
- Hafa fundi kennara á hverju stigi fyrir sig – eftir námsmat og samræma áframhaldandi kennslu

Þróunaráætlun gg 5.4 Mat í þágu náms/leiðsagnarmat

Markmið með umbótum:

- Að auka umræðu um námsframvindu hvort sem um kennara eða nemendur er að ræða
- Taka upp leiðsagnarmat í Mentor

Hvernig vitum við að því er náð:

- Með aukinni vitund nemenda um eigin stöðu og getu þeirra til að tjá sig um hana
- Þegar leiðsagnarmatið hefur verið tekið í gagnið

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Í upphafi árs væri gott að nota stigsfundi til að samræma og veita upplýsingar um námsstöðu allra í hverjum bekk fyrir sig svo hægt sé að ræða um hvaða námsmatsaðferðir ætti að nýta fyrir hvern árgang	Stigsstjórar (þrískipt) og kennarar	Í upphafi skólaárs, áður en nemendur mæta	Gera þarf ráð fyrir slíkum fundum í skipulagi fyrstu dagana	Könnun meðal starfshóps um hvort þetta beri árangur
Markmiðasetning. Auka umræðu um markmið og gera þau markmið sýnileg nemendum sem kennarinn gerir. Hjálpa nemendum að taka skrefin í markmiðasetningunni.	Allir sem koma að námi nemenda	Aldrei	Að temja sér notkun hugtaka, samræming á vinnubrögðum starfsfólks. T.d. hægt að búa til hugtakalista	Mætti vera þáttur í sjálfsmati nemenda. Umræða á stigsfundum og samanburður milli ára í sjálfsmati

Nota hugtök til að kenna nemendum að ræða um sína námsstöðu				starsfólks
Hafa formlegar samræður reglulega á milli nemanda og kennara um námsstöðu þar sem nemandi er knúinn til að skoða sjálfan sig og meta sem námsmann	Námsmatshópur þarf að stýra vinnu á einhverju formi til að nota, umsjónarkennarar ræða við nemendur	Fyrir 2020	Til þess þarf kerfi sem allir nota og þekkja t.d. leiðsagnarmat eða eitthvað annað	Mætti vera þáttur í sjálfsmati nemenda. Umræða á stigsfundum og samanburður milli ára í sjálfsmati
Taka upp leiðsagnarmat í Mentor. Halda námskeið í notkun þess á haustdögum	Starfsmaður Mentor – Helga Harðar. Skólastjórnendur	Eigi síðar en áramótin 2015-2016	Vilja stjórnenda og starfsfólks	

ATH. Mikilvægt er að skoða reynslu annarra skóla af þessu leiðsagnarmati, hvernig hefur tekist til og hvað ber að varast.

Gæðagreinir

Einkunn: 4

Heildarsýn grunnskóla Skagafjarðar í upplýsinga- og tæknimálum.

Vinnulag:

Gæðagreinirinn var metinn af tveimur fjögurra manna hópum starfsmanna á starfsmannafundi 7/1 2015.

Sterku hliðarnar okkar:

- Að í mörgum tilfellum reynum við að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda með einstaklingsmiðuðu námi
- Við reynum að starfa skv. stefnu skóla án aðgreiningar.
- Að nemendur hafa yfirleitt greiðan aðgang að upplýsingum og prentun í skólanum.
- Að nemendur eru margir hverjir með snjallsíma og ípadda sem nýtast vel í námi fyrir þá og samnemendur þeirra.

Það sem þarf að bæta:

- Að nemendur geri sér grein fyrir ábyrgð sinni á eigin námi.
- Að nemendur verði sjálfstæðari í vinnubrögðum.
- Að færa náms- og kennsluhætti nær því að koma til móts við þarfir samfélags og atvinnulífs framtíðarinnar.
- Auka hlut upplýsingatækninnar í öllum námsgreinum.
- Verkfæri fyrir upplýsingatækni mættu vera fleiri og staðsett víðar í skóla- húsnaðinu, t.d. frammi á gangi á unglingastigi, í hverri stofu á miðstigi og spjaldtölvur ættu að vera í hverri stofu á yngsta stigi.
- Stoðþjónusta þarf að hafa yfir að ráða fartölvum til að úthluta til nemenda sem slíkt nota í daglegri vinnu.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Að nemendur séu gerðir ábyrgari fyrir eigin námi.

Tillögur um aðgerðir:

- Auka fjárveitingar til tækjakaupa og búnaðar og bæta þannig tækjakost skólans.
- Auka þarf símenntun í upplýsingatækni fyrir starfsfólk.
- Hætta miðstýringu í tölvuþjónustu við skólann, sbr. Kerfisveituna.

Hvaða hættur gætu verið samfara aukinni tækninotkun ?

- Einelti þrífst vel í gegnum vefmiðla (síma/tölvur)
- Hætta á minnkandi samskiptum manna á meðal með aukinni tækninotkun.
- Aukin tækninotkun má ekki bitna á grunnfærni nemenda í almennu námi, s.s. skrift, stafsetningu, stærðfræði o.s.frv. Nemendur verða líka að geta bjargað sér án tækninnar.
- Leiðir til aukins athyglisbrests, ef svo má segja. Kemur niður á djúphygli. Nemdur gætu tekið öllu gagnrýnislaust – bara af því að það er á netinu.

Hvaða kosti gætum við séð samfara aukinni tækninotkun ?

- Aukin þekkingarleit.
- Fjölbreyttara nám og áhugasamari nemendur.
- Að námið komi enn frekar til móts við ólíkar þarfir einstaklinga.

Vinnulag:

Gæðagreinirinn var metinn af tveimur þriggja til fjögurra hópum starfsmanna á starfsmannafundi 7/1 2015.

Sterku hliðarnar okkar:

- Nemendur læra sjálfstæð vinnubrögð við nýtingu á tækninni.
- Nemendur verða fljótt sjálfbjarga í tækninni og eru fljót að tileinka sér vinnubrögð.

Það sem þarf að bæta:

- Það vantar fleiri tölur sem nýtast inni í bekkjum.
- Það er ekki til eitt tæki per nemanda.
- Verkefni nemenda þar sem upplýsingatækni er í fyrirrúmi þyrftu að vera aðgengileg á netinu eftir flutning í skóla.
- Vinna þarf markvissar að því að kenna nemendum að setja sér markmið.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Að nemendur læri að nýta sér tæknina til fróðleiks á skynsaman hátt.

Tillögur um aðgerðir:

- Fjölga fartölvum.

Hvaða hættur gætu verið samfara aukinni tækninotkun ?

- Misnotkun á tækninni.
- Skortur á mannlegum samskiptum
- Lærdómur verður yfirborðskenndur, getan til að muna tapast niður.
- Skortur á mannlegum samskiptum og hreyfingarleysi.

Hvaða kosti gætum við séð samfara aukinni tækninotkun ?

- Betra aðgengi að upplýsingum, fræðslu og námsefni.
- Umhverfisvænt, minni pappírs- og bókanotkun.
- Fjölbreyttari kennsluaðferðir.
- Betri hjálpartæki fyrir nemendur með sérþarfir.

Vinnulag:

Gæðagreinirinn var metinn af tveimur þriggja til fjögurra hópum starfsmanna á starfsmannafundi 7/1 2015.

Sterku hliðarnar okkar:

- Starfsfólk er hjálpsamt við hvert annað og duglegt að leita sér aðstoðar.
- Við reynum að vera fyrirmyndir nemenda og benda þeim á kosti og galla tækninnar.
- Við notum þá tækni sem við höfum (fyrir utan raunvarpann) en margur er smeykur að prófa nýja tækni.

Það sem þarf að bæta:

- Það vantar skólanámskrá svo vinna megi eftir markmiðum.
- Sinna þarf betur endurmenntun starfsfólks hvað varðar tækninýjungar.
- Kerfisveita hæg og léleg, allt tekur langan tíma.
- Forrit og gögn eru háð því að Kerfisveita geti sett upp, erfitt að einstaklingsmiða forrit fyrir einstaka nemendur
- Bæta þarf netsamband í skólahúsnæðinu og í íþróttahúsi. Nemendur þurfa að vera á öðru kerfi en starfsmenn.
- Starfsmenn eru slakar fyrirmyndir tæknilega séð og leiðbeina nemendum ekki nægilega að umgangast tæknina varlega og af virðingu.

Tillögur um aðgerðir:

- Jafningjafræðsla verði eflað, t.d. að litlir hópar mennti sig í tæknimálum og miðli til áhugasamra.
- Kynna kosti endurmenntunar í tæknimálum betur.
- Tími sé gefinn til skólanámskrárgerðar

Hvaða hættur gætu verið samfara aukinni tækninotkun ?

- Hætta á að nemendur öðlist að mestu yfirborðsþekkingu á efnistöfum
- Nemendur læri ekki að beita skapandi hugsun.
- Nemendur handskrifi minna.

Hvaða kosti gætum við séð samfara aukinni tækninotkun ?

- Hópar geti auðveldar unnið saman, t.d. í gegnum Google Docs.
- Nemendum sé kleift að sækja sér þekkingu og menntun víðar en í skólanum.

- Að nemendur og starfsfólk haldi í við nútímatækni t.d. með tilvonandi tölvu-væðingu í Varmahlíðarskóla.

Þróunaráætlun gg Heildarsýn grunnskóla Skagafjarðar í upplýsinga- og tæknimálum

Markmið: <i>Stuðla að betri tæknivæðingu í skólanum</i> <i>Auka þátt upplýsingatækni í öllu námi</i> <i>Fjölga fartölvum þar til þær verða ein á mann</i> <i>Uppfæra tæki starfsmanna og menntun</i>	Hvernig vitum við að því er náð? <i>Þegar fleiri tæki hafa verið tekin í notkun</i> <i>Þegar notkun upplýsingatækni verður almenn og sjálfsögð í öllu námi</i> <i>Þegar allir nemendur hafa fengið fartölvu, hver og einn</i> <i>Aldrei</i>			Yfirumsjón <i>Tölvuteymi og skólastjórnendur</i> <i>Skólayfirvöld.</i> <i>Skólastjóri</i> <i>Skólastjóri</i>
Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Fá fjármagn til tækjakaupa	Stjórnendur	Innan 5 ára	Framkvæmd og fjármagn	Með gæðagreini
Símennta starfsfólk svo það sé í stakk búið til að mæta auknum kröfum og tækniþróun nútíðar og framtíðar	Skólayfirvöld	Sem fyrst	Áhuga og fjármagn	Með sjálfsmati
Fjölga fartölvum/spjaldtölvum	Stjórnendur skólans og fjáramálayfirvöld sveitarfélagsins	Haust 2017	Auknar fjárveitingar og velvilja yfirvalda	Þegar tölvurnar eru komnar í hús og nemendur nota þær við nám sitt daglega
Þjálfa starfsfólk	Hæfir leiðbeinendur	Haust 2017	Peninga, jákvæðni og vilja	Þegar allt starfsfólk er fært um að leiðbeina öðrum og nýta sér tæknina
Uppfæra tæki fyrir starfsmenn mun reglulegar en gert er a.m.k. á þriggja ára fresti	Skólayfirvöld	aldrei	Vilja og fjármagn	Sjálfsmat

Hafa námskeið fyrir starfsfólk á notkun á tækninni reglulega	Skólayfirvöld þurfa að sjá um það að fá einstaklinga	Aldrei	Vilja og fjármagn	Sjálfsmat
Bæta þráðlaust netsamband og virkni Kerfisveitu	Skólayfirvöld þurfa að sjá um að það sé gert	Vor 2015	Vilja og fjármagn	Sjálfsmat

Nemendur í 7.-10 bekk lögðu mat á gæðagreininn Nám og námsaðstæður í október og apríl.

Gæðagreinir Nám og námsaðstæður	Einkunn: 3,3,4,3,4
--	---------------------------

Vinnulag:

Gæðagreinirinn var metinn af fimm vinnuhópum, með samtals 20 **nemendum** úr 9. bekk í Varmahlíðarskóla 31. okt. 2014.

Sterku hliðarnar okkar:

- Við tökum tilsögn
- Við erum yfirleitt áhugasöm, því flest nám er skemmtilegt, en það er misjafnt eftir námsgreinum
- Ef við biðjum um tíma til þess að ræða málin þá fáum við hann
- Við getum sagt allt við kennara
- Við höldum að flestir þekki sína styrkleika og nýti þá eins og þeir þurfa
- Við vitum í hverju við erum góð í og hvað þarf að bæta hjá okkur
- Við vitum um okkar styrkleika og kennararnir líka
- Flest allir tímar eru vel skipulagðir
- Við fáum sæmilega fjölbreytt efni
- Við fáum krefjandi en ekki fjölbreytt verkefni
- Mjög góð leiðbeining í flestum námsefnum
- Leiðbeining í námi er misjöfn eftir kennurum
- Við fáum góðar leiðbeiningar frá kennurum okkar um markmið náms og kennslustunda.
- Við notum íslenskan orðaforða og stærðfræði
- Til dæmis enska og sveitaverkefnið okkar á vorin (raunhæf verkefni tengd daglegu lífi)
- Við fáum að ráða stundum (viðfangsefnum, námsaðferðum og námsgreinum) en vildum fá að ráða meira
- Misjafnt eftir kennurum (nýting upplýsinga- og samskiptatækni)
- Við fáum að nota tölvur svolítið eins og við þurfum
- Við nýtum okkur internetið en ekki nógu oft

Það sem þarf að bæta:

- Lítill áhugi á námi
- Ekki nógu skemmtileg efni, gera námið meira spennandi
- Kennarinn tekur okkur ekki nógu oft í einkaviðtöl
- Hræddir um að kennarinn móðgist, reiðist og stimpli okkur
- Við vitum ekki hvað við eigum að vita í einstökum fögum og af hverju
- Kennarar mættu bæta það að segja frá tilgangi námsins sem við þurfum að læra
- Kennarar segja okkur að gera markmið en ekki nógu oft
- Sumir nemendur tala of mikið og trufla í kennslustundum
- Sumir tímar fara í vitleysu vegna óskipulags, skipulagsleysi í einstökum fögum
- Það er mikið talað í tímum, lítill vinnufriður
- Krefjandi en ekki alltaf fjölbreytileg (viðfangsefni)
- Bæta við meiru verklegu í öllu
- Gætum fengið fjölbreyttara nám í stærðfræði og íslensku
- Við vinnum mjög óraunhæf verkefni
- Við viljum fá betri fyrirmæli
- Kennarar ættu að vera búnir að leysa verkefnin áður en við fáum þau í hendurnar
- Það er enginn að fara að segja okkur að ég þurfi að orðflokka, reikna algebru eða helling af einhverju öðru til þess að lifa
- Við ráðum engu um námið
- Við fáum ekki mikið um viðfangsefni, námsaðferðir og námsgreinar að ráða utan við valið
- Við höfum lítið val
- Það mætti fá að nota tækin oft (upplýsinga- og samskiptatækni)

Nám og námsaðstæður, þróunaráætlun – 9. bekkur

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Hópur 1				
Segja okkur úr heilsueflandi skóla	Skólastjórnendur	Sem fyrst	Hugsa um vellíðan nemenda	Sjá það á nemendum
Leyfa nemendum að tjá sig meira og taka fullt tillit til skoðana þeirra	Starfsmenn skólans	Sem fyrst	Hugsa út fyrir kassann	Sjá það á nemendum
Hópur 2				

Leyfa KS leiðangur í hádeginu	Nemendaráð ásamt skólastjórn	Eftir jól	Framkvæmd	Nemendur og skólastjórn
Burt með <i>heilsueflandi skóla</i>	Nemendaráð ásamt skólastjórn	Eftir jól	Framkvæmd	Nemendur og skólastjórn
Skipta út dönsku fyrir norsku, þýsku eða spænsku	Menntamálaráðuneytið	Því fyrir því betra	Eljusemi	Landsmenn
Hópur 3				
Gefa okkur meira val á námi og gera námið skemmtilegra	Kennarar og við	Fyrir áramót (helst í næstu viku)	Fjölbreyttara námsefni og mikið meira verklegt	Á bekkjarfundi í byrjun janúar 2015
Kennarar mættu gefa okkur meiri skilning af hverju við þurfum að læra þetta t.d. rugl í íslensku þ.e. orðflokkgreiningu	Kennarar	Fyrir áramót (helst í næstu viku)	Það sem þarf til er að kennarar útskýri hvers vegna það þarf að læra t.d. orðflokka-greiningu	Á bekkjarfundi í byrjun janúar 2015
Hópur 4				
Skemmtilegra efni, læra um mikla meistara	Kennarinn og við	Í vor	Skemmtilegra námsefni	Með könnunum og tala við nemendur
Hópur 5				
Skipuleggja kennslustundir betur, í hópum/úti	Kennarar og nemendur	Sem fyrst	Mikinn tíma og samvinnu	Af nemendum
Gera námið spennandi með leikjum og hópavinnu	Kennarar	Sem fyrst	Skemmtun og fjölbreytni	Af kennurum og nemendum

Vinnulag:

Gæðagreinirinn var metinn af fimm vinnuhópum, með samtals 21 **nemanda** úr 10. bekk í Varmahlíðarskóla 31. okt. 2014.

Sterku hliðarnar okkar:

- Sumir námsþættir eru spennandi og skemmtilegir
- Af því að við erum með góða og skemmtilega kennara sem við þekkjum
- Fólk er missterkt í náminu og því er áhuginn mismikill
- Við fáum einkaviðtöl og foreldraviðtöl reglulega og getum rætt við kennarann hvenær sem okkur hentar
- Af því að við fáum regluleg einstaklings- og foreldraviðtöl
- Það þekkja og nýta flestir eigin styrkleika í námi
- Þeir sem eiga auðvelt með að læra fá tækifæri til að fara fram úr hinum í námi
- Við nýtum okkur eiginleika í því námi sem við erum góð í
- Við höfum góða yfirsýn á náminu og vitum hvað við eigum að læra út veturinn
- Fáum kennsluáætlanir og förum eftir þeim
- Af því að kennarar fara yfir markmið námsins í byrjun skólans
- Yfirleitt skýr markmið í tímunum
- Í sumum tímum nýtum við tímann sérstaklega vel
- Við fáum skýr og létt verkefni
- Við höfum áhuga á efninu
- Við fáum mjög fjölbreytt verkefni í sumum fögum
- Það er mjög margt fjölbreytt og skemmtilegt í tímum
- Við vitum alltaf hvað við eigum að gera (góðar leiðbeiningar frá kennurum)
- Flestir kennarar eru mjög skipulagðir og leiðbeina okkur vel
- Við fáum mismikla hjálp (í náminu) eftir þörfum
- Það er misjafnt eftir námsefni hvað er mikið af raunhæfum verkefnum
- Valið er fjölbreytt og tengt sveit eins og t.d. landbúnaðarval
- Sum verkefni henta mjög vel daglegu lífi okkar
- Við lærum um daglegt líf í einni bók í íslensku sem heitir Kveikjur
- Við fáum að nota tölvur ef við viljum og getum hlustað á hljóðbækur og fáum að velja hvaða val
- Við fáum að velja um verklegar greinar
- Við nýtum okkur orðabækur á netinu og eigum auðvelt með að afla okkur upplýsinga á netinu
- Tækjabúnaður er orðinn betri
- Það er oft best að hafa ekki of miklar aðferðir

Það sem þarf að bæta:

- Sumir mættu vera með fjölbreyttari og verklegri aðferðir í náminu svo áhuginn verði betri
- Sumir námsþættir eru óspennandi
- Megum ekki tala við kennara í frítíma okkar í skólanum
- Kennslustundirnar eru misvel skipulagðar
- Talað of mikið um tilgangslaust í tímum og fer oft í vitleysu
- Í sumum tímum fer allur tíminn í spjall um hluti sem skipta ekki máli
- Það kemur fyrir að þeir eru skipulagðir (kennarnir), oft ekki. Tímar eru ekki nógu vel nýttir
- Viðfangsefni mættu vera fjölbreyttara og meira krefjandi
- Fáum leiðbeiningar en ekki nógu miklar
- Sumir kennarar koma ekki málum nógu vel á framfæri
- Sum verkefni finnst okkur enginn tilgangur með
- Mætti vera fjölbreyttara val um viðfangsefni, námsaðferðir og námsgreinar,
- Fáum ekkert val í hverju við lærum og hvað við lærum
- Það mætti bæta nýjum valáföngum við sem henta áhugasviði krakkanna betur
- Ekki nægileg fjölbreytni, eins og t.d. í stærðfræði, bara ein aðferð
- Mættum nýta okkur oftari upplýsinga- og samskiptatækni
- Við gætum notað meiri tækni til þýðinga o.fl.
- Alveg þó nokkuð mikið alveg svona eins og á að vera (nýting á upplýsinga- og samskiptatækni).

Nám og námsaðstæður, þróunaráætlun – 10. bekkur

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Hópur 1				
Hafa fjölbreyttara og meira krefjandi nám	Kennarar í samstarfi við nemendur	Fyrir næstu mánaðarmót	Nemendur þurfa að láta vita hvað mætti bæta og hvað þeir vilja	Ræða við kennara og nemendur eftir að verkefni er lokið eða sjá það á einkunnum
Hópur 2				
Leyfa okkur að tala við kennara í frítímum okkar	Allir í skólanum	Strax	Leyfi frá kennurum	Tala við nemendur
Hætta að tala um tilgangslaust efni í tímum	Nemendur og kennarar	Sem fyrst	Hugsa meira um námið	Kennari stoppar nemendur

Leyfa nemendum að velja í hvaða bókum við lærum	Nemendur og kennarar	Sem fyrst	Kennarar velja 4-5 námsefni og nemendur velja 1-2 af þeim	Kennarar og nemendur komist að samkomulagi
Hópur 3				
Það má bæta verklega túlkun á náminu svo áhuginn verði meiri	Kennarar og nemendur	Sem fyrst	Kennarar og nemendur ræði saman um breytingar á námsaðferðum	Leggja það undir nemendur
Skipulag nokkurra kennara þarf að bæta	Kennarar	Sem fyrst	Kennari þarf að endurskipuleggja sig	Gera nafnlausu nemendakönnun
Mætti bæta við fjölbreyttari valáföngum sem tengjast áhugamálum nemenda	Kennarar og nemendur	Fyrir næsta vetur	Álit nemenda	Bera saman valáfanga fyrir og eftir áramót
Hópur 4				
Sumir kennarar þurfa að skipuleggja sig betur	Kennararnir	Sem fyrst	Betri skipulagningu	Mánaðarlega
Leyfa nemendum að koma skoðunum sínum meira á framfæri	Menntamála-ráðherra	Fyrir næsta ár	Fund	Regluleg viðtöl
Leyfa nemendum að koma skoðunum sínum meira á framfæri	Kennarar og nemendur	Fyrir næsta ár	Bekkjarfund	Á bekkjarfundum
Hópur 5				
Við ættum að vinna meira með verkefni sem tengjast daglegu lífi t.d. í stærðfræði, reikna hjá fyrirtæki verðmun	Kennari	2015	Smá breytingu á verkefnum	Láta nemendur fara yfir þetta
Það vantar meiri fjölbreytni í vali og við ættum að fá að velja sumar námsaðferðir sjálf	Nemendur í samráði við kennara		Viljastyrk	Láta nemendur fara yfir þetta

Vinnulag:

Gæðagreinirinn var metinn af fjórum vinnuhópum, með samtals 14 **nemendum** úr 7. bekk í Varmahlíðarskóla 16. apríl. 2015.

Sterku hliðarnar okkar:

- Áhugasemi okkar fer eftir því í hverju við erum
- Við höfum góð tækifæri til að ræða við umsjónarkennarann, það fer eftir því hvaða mál er í gangi
- Við gerum okkur grein fyrir því hvað hver og einn er góður og gerum okkur grein fyrir styrkleikum yfir heildina
- Kennarar mega bæta sig í að segja okkur frá markmiðum með námi, mismunandi eftir námsgreinum
- Tíminn er ekki vel nýttur hjá nemendum
- Við fáum fjölbreytt verkefni
- Við fáum rosa miklar leiðbeiningar frá kennurum
- Við fáum mikið af öðruvísi verkefnum
- Við fáum að nýta upplýsinga- og samskiptatækni í náminu
- Við erum áhugasöm því námið er skemmtilegt að mörgu leyti
- Við fáum góð tækifæri til að ræða við umsjónarkennarann því kennarinn okkar er alltaf til í að hlusta
- Kennararnir útskýra hvernig maður á að gera eitthvað (í náminu)
- Við lærum oft eitthvað nýtt
- Kennararnir útskýra fyrir okkur ef við skiljum ekki
- Við lærum frá netinu en ekki endilega skólatengt
- Áhugi okkar fer eftir fögum og kennurum, hvernig kennarar setja námið upp
- Maður getur alltaf talað í einlægni við umsjónarkennarann
- Okkur finnst allir í bekknum nýta sína hæfileika á mörgum sviðum
- Flestir kennarar gefa okkur upplýsingar fyrir námsefnið
- Okkur finnst kennarar gefa okkur góðar og miklar leiðbeiningar, flestir
- Okkur finnst umsjónarkennarinn okkar vera rosalega duglegur að spyrja okkur spurninga tengt heimili okkar (varðandi raunhæf verkefni tengd daglegu lífi)
- Okkur finnst við oft nota fjölbreytta hluti til að afla upplýsinga
- Umsjónarkennarinn hlustar á okkur og gerir eitthvað í málunum
- Við erum ekkert svo stór bekkur og þekkjum þar af leiðandi alla betur
- Kennarar lýsa verkefnum vel fyrir okkur
- Við erum ekki alltaf að gera það sama
- Við fáum góðar leiðbeiningar frá kennurum okkar
- Við fáum að nota tölvur/síma/bækur
- Sveitadagar

Það sem þarf að bæta:

- Tímarnir eru alltaf skipulagðir svo að við fáum ekki að ráð því hvernig tíminn er nýttur (val í námi)
- Við megum ekki nota aðrar aðferðir sem við kunnum
- Kennslustundir enda oft í kjaftagangi
- Við höfum ekki mikinn áhuga á sumu og notum það ekki í daglegu lífi (varðandi raunhæf verkefni)
- Við fáum ekki að nota aðferðir sem við kunnum, við fáum ekki að gera það sem við viljum alltaf
- Okkur finnst kennarar stundum mæta of seint og þeir ekki vera nógu strangir
- Okkur finnst námið ekki nógu krefjandi né fjölbreytt
- Við tölum svolítið mikið og það kemur niður á áhugasemi í námi
- Við erum lengi að koma okkur af stað í tímum
- Við þurfum alltaf að gera verkefni sem kennarinn setur fyrir

Nám og námsaðstæður, þróunaráætlun – 7. bekkur

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Hópur 1				
Við viljum ráða meiru í kennslustundum	Við	Næsta haust	Tala við kennara	Við þurfum að ræða saman
Hópur 2				
Kennarar þurfa að ákveða hvaða aðferðir við megum og megum ekki nota	Kennararnir	Sem fyrst	Fund hjá kennurum	Á fundi með kennurum
Kennararnir þurfa að vera strangari við okkur og halda sig við efnið	Kennarar og nemendur	Sem fyrst	Aga	Í kennslustund
Fá fleiri verkefni sem tengjast daglegu lífi	Kennarar	Sem fyrst	Ný verkefni	Í kennslustund
Leyfa okkur að velja viðfangsefni og aðferðir	Kennarar	Sem fyrst	Leyfa okkur að ráða aðferðum	Í kennslustund
Hópur 3				
Kennararnir þurfa að vera stundvísir og strangari	Kennararnir	Eftir eina viku	Agi	Skoða eftir tvær vikur

Námið þarf að vera fjölbreyttara og meira krefjandi	Kennararnir	Á næsta skólaári	Tíma	Tvö ár
Hópur 4				
Þurfum að vera fljótari að koma okkur af stað í tímum	Nemendur	Þegar við verðum búin að taka okkur á	Herða okkur	Biðja kennara um að meta
Fjölbreyttara nám	Kennarinn	Eins fljótt og hægt er	Fjölbreytni	Nemendur meta árangur

Gæðagreinir

Einkunn: 3, 4, 3, 4

Nám og námsaðstæður

Vinnulag:

Gæðagreinirinn var metinn af fjórum vinnuhópum, með samtals 14 **nemendum** úr 8. bekk í Varmahlíðarskóla 16. apríl. 2015.

Heildareinkunnagjöf: 3, 4, 3, 4

Sterku hliðarnar okkar:

- Við getum talað við umsjónarkennarann nánast hvenær sem er
- Sumir geta nýtt sér styrk sinn og getu en ekki aðrir
- Kennarar vita oftast hvað þeir eru að kenna okkur
- Við höfum aðgang að tölvum, spjaldtölvum, bókasafni og fleira
- Við tölum um nám og líðan við kennarann t.d. stundum í umsjón
- Við þekkjum öll styrkleika okkar
- Kennarar gera okkur grein fyrir markmiðum náms mjög vel
- Almennu eru kennarar vel skipulagðir
- Kennarar koma mjög oft með öðruvísi og krefjandi verkefni
- Mörg verkefni eru tengd daglegu lífi
- Við höfum ekki mikið val um viðfangsefni, stundum val um aðferðir og hluta af námstíma
- Við nýtum stundum upplýsinga- og samskiptatækni en ekki mikið
- Við höldum bekkjarfundi
- Við þekkjum styrkleika okkar og nýtum þá
- Það eru margir val tímar
- Það er margt sem við nýtum varðandi upplýsinga- og samskiptatækni

- Ef okkur þykir námið skemmtilegt þá erum við áhugasöm en ekki jafn áhugasöm um það sem okkur finnst leiðinlegt
- Kennarinn er alltaf tilbúinn til þess að tala við okkur
- Ef við erum góð í einhverju nýtum við okkur það
- Kennarar fara aldrei eftir námsáætlunum, en við lendum stundum í að við byrjum að tala um eitthvað annað
- Við nýtum tímann vel en fáum samt heimanám
- Sumir kennarar leiðbeina vel en sumir ekki eins vel
- Yfirleitt fáum við að nota okkar námsaðferð sem við viljum en sumir (kennarar) vilja hafa það á sérstakan hátt sem okkur finnst miklu flóknari aðferðir
- Við nýtum alltaf upplýsingatækni en stundum gleymum við þá

Það sem þarf að bæta:

- Meiri skilning í námi. T.d. meiri skilning fyrir kennara, þroskaðan skilning (A liður – áhugasemi í námi)
- Flest allir kennarar setja markmiðin fram og segja okkur hvernig þau eru en ekki allir og það þarf að bæta
- Bæði kennararnir og við þurfum að bæta þetta aðeins það er aðallega okkur að kenna, hávaði og fíflagangur (E liður- Okkur finnst kennslustundir vel skipulagðar og tími okkar vel nýttur)
- Flestir kennarar gefa okkur fjölbreytt, krefjandi og skemmtileg verkefni. En aðrir ekki
- Stundum koma verkefni sem tengjast daglegu lífi okkar, t.d. sveitadagar
- Við höfum sérstaka val tíma. Við segjum oft hvað okkur langar að gera en tillögur okkar eru ekki oft framkvæmdar
- Gera það sem við eigum að gera og vera jákvæðari og sýna skilning
- Við fáum stundum góðar leiðbeiningar hjá sumum kennurum en ekki hinum
- Sumir hafa meiri áhuga á námi en aðrir
- Markmið í námi eru ekki nógu skýr
- Stundum koma kennarar óskipulagðir í tíma
- Við fáum oft sömu æfinguna í tímum
- Sumir kennarar eru of lengi að útskýra (námið)
- Það eru þónokkur raunhæf verkefni en ekki öll
- Okkur langar að fá eitthvað sem er meira krefjandi (viðfangsefni) því við gerum alltaf það sama
- Við vinnum ekki oft raunhæf verkefni tengd daglegu lífi okkar því þetta eru mjög tímafrek verkefni

Nám og námsaðstæður, þróunaráætlun – 8. bekkur

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Hópur 1				
Nemendur þurfa að vera áhugasamari í náminu og sýna þroskaðan skilning	Nemendur	Það þarf alltaf að vera í gangi	Fjölbreyttara nám og verkefni	Maður tekur eftir breytingunni
Það eru sumir kennarar sem segja okkur ekki hvað markmiðið er og það er mjög óþolandi	Við, tala við kennarann	Það þarf alltaf að vera í gangi	Þetta snýst um kennarann og hann taki tillit til þess	Maður tekur eftir breytingunni
Sumir tímar eru mjög óskipulagðir hjá kennurum. Flest allir tímar byrja þannig að sumir krakkar eru með fíflalæti og kennarinn segir þeim að setjast í sætin sín	Bæði nemendur og kennarar	Það þarf alltaf að vera í gangi	Að nemendur hagi sér vel og geri það sem okkur er sagt að gera. Kennarar þurfa að skipuleggja sig betur	Maður sér árangurinn þegar tíminn er nýttur og kennarar skipulagðir
Fá fjölbreyttari verkefni	Reyna að hafa verkefnin fjölbreyttari	Það þarf alltaf að vera í gangi	Kennarar koma með fjölbreyttari verkefni og nemendur koma með hugmyndir um þau	Þegar kennarar eru farnir að láta okkur hafa fjölbreyttari verkefni
Hópur 2				
Vera jákvæðari og sýna meiri skilning	Flest allir í bekknum	Eftir tvær vikur	Tillitssemi og skilning	Spurt kennara um þetta
Leiðbeiningar hjá sumum kennurum þarf að bæta en ekki hjá hinum	Kennarar	Eftir eina viku	Segja kennurum frá því	Halda bekkjarfund um þetta
Hópur 3				
Við þurfum að vera áhugasöm	Nemendur	Aldrei	Skemmtilegra námsefni	Einkunnir

Kennarar verða að vera markvissari	Kennarar	Aldrei	Skýrari markmið	Skoðanakönnun
Fjölbreytt, krefjandi námsefni	Höfundar námsefnis og kennarar	Aldrei	Fjölbreytt námsefni	Skoðanakönnun
Betri tímastjórnun	Kennarar	Aldrei	Tímastjórnun	Skoðanakönnun
Gera leiðbeiningar betri	Kennarar	Aldrei	Segja betur frá	Skoðanakönnun
Gera verkefni tengdari lífi okkar	Höfundar og kennarar	Aldrei	Tengdari verkefni	Skoðanakönnun
Hópur 4				
Okkur langar að fá eitthvað sem er meira krefjandi því við gerum alltaf það sama	Kennarar	Sem fyrst	Að kennararnir vilji vera með fjölbreytt og krefjandi verkefni	Taka annað svona próf

Skólapúlsinn

Á hverju skólaári eru lagðar fyrir kannanir sem styðja við sjálfsmat skólans. Niðurstöður úr slíkum könnunum gefa góðar vísbendingar um skólastarfið. Árlega hefur verið lögð fyrir könnun hjá foreldrum nemenda í 2., 4., 7., og 10. bekk. Þá hefur nemendakönnun verið lögð fyrir sömu árganga utan nemendur í 2. bekk. Breytingar urðu á fyrirkomulagi kannana á þessu skólaári þar sem tvær ofangreindar kannanir voru lagðar niður. Þá hefur árleg skimun sem byggð er á Gæðagreinum 2 verið lögð fyrir starfsfólk skólans í lok hvers skólaárs og verður því haldið áfram.

Þessar breytingar urðu vegna þess að í upphafi skólaársins var tekin ákvörðun um að taka inn vefkerfið Skólapúlsinn í alla grunnskóla í Skagafirði. Notaðar eru kannanir í því vefkerfi sem lagðar eru fyrir alla nemendur í 6. – 10. bekk, úrtak 120 foreldra/forsjáraðila nemenda við skólann og svo allt starfsfólk. Vefkerfi Skólapúlsins hýsir bæði verkefni Skólapúlsins og verkefni Skólavogarinnar. Skólavogin er tæki sem mörg sveitarfélög nýta, þ.á.m. Sveitarfélagið Skagafjörður. Kerfið heldur m.a. utan um ýmsar rekstrarupplýsingar um skólastarfið og skilar samanburði á viðhorfi nemenda, foreldra/forsjáraðila og kennara í skólum við aðra grunnskóla landsins í gegnum kannanir Skólapúlsins.

Sérstakur matskvarði er notaður til að lesa úr niðurstöðum. Gildið 5 á kvarðanum táknar meðaltalið fyrsta starfsárið 2008-2009. Ef mæling skólans á tilteknum þætti er marktækt fyrir ofan eða neðan niðurstöðu annarra skóla, miðað við 95% öryggismörk, er mismunurinn tilgreindur. Ef mælingin er ekki marktækt frábrugðin niðurstöðu annarra

skóla er munurinn ekki birtur. Viðmiðunarreglan er sú að 0,5 stig telst lítill munur, 1,0 stig telst töluverður munur og 1,5 stig telst mikill munur. Á öðrum matsþáttum er búin til vísitala úr einum eða fleiri svarmöguleikum. Lágmarkssvarhlutfall í könnunum Skólapúlsins er 80%. Þegar svarhlutfall er lægra en 80% eru niðurstöður birtar með fyrirvara um að þær endurspegli mögulega ekki almennt viðhorf þátttakenda. Á vef Skólapúlsins má nálgast nánari upplýsingar um aðferðafræðilegar aðferðir vefkerfisins sjá [hér](#).

Skólapúlsinn nemendur

Nemendakönnun Skólapúlsins var nú lögð fyrir í 126 grunnskólum á landinu fyrir alla nemendur í 6. – 10. bekk. Það eru um 80% grunnskóla í landinu sem taka þátt í könnuninni og um 90% allra nemenda í 6. – 10. bekk. Hér í Varmahlíðarskóla var könnunin lögð fyrir einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn. Nemendum 6.-10. bekkjar var skipt í tvennt og tók annar hópurinn könnunina á haustönn en hinn hópurinn á vorönn. Nemendakönnunin skiptist í þrjá lykilþætti, þeir eru virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsa og skóla- og bekkjarandi. Niðurstöður könnunarinnar gefa vísbendingar um stöðu nemenda í skólanum miðað við stöðu nemenda í öðrum skólum á landinu. Hér má sjá yfirlit yfir stöðu matsþátta og umfjöllun um hvern efnisflokk.

Nemendakönnun Skólapúlsins 6. – 10. bekkur, Varmahlíðarskóli Skólaárið 2014-2015	Niður- staða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Virkni				
Ánægja af lestri	5,3	77	5,0	0,3
Þrautseigja í námi	5,0	77	5,6	-0,6*
Áhugi á stærðfræði	5,1	77	5,5	-0,4*
Áhugi af náttúrufræði	4,6	77	4,9	-0,3
Trú á eigin vinnubrögðum í námi	4,3	77	4,9	-0,6*
Trú á eigin námsgetu	3,9	77	4,7	-0,8*

Nemendur skólans hafa greinilega ánægju af lestri en eru síður hrifnir af stærðfræði og náttúrufræði þó svo sá munur teljist ekki mikill. Þrír aðrir þættir mælast milli -0,5 og -1,0 sem er frá því að vera lítill munur í að vera töluverður munur. Þátturinn **Þrautseigja í námi** mælir hversu mikið nemandinn telur sig leggja sig fram við námið og hversu þrautseigur hann er þó efnið sé erfitt. Þátturinn **Trú á eigin vinnubrögðum í námi** mælir hversu vel nemandanum gengur að einbeita sér og muna, hversu vel honum gengur að afla sér upplýsinga um tiltekið efni, og hversu vel honum gengur að skipuleggja vinnu sína. Sá þáttur sem kemur verst út er **Trú á eigin námsgetu**. Spurningar sem liggja að

baki þeim matsþætti snúa að hvort nemandinn telji sig geta lært hinar ýmsu námsgreinar (taldar eru upp 13 mismunandi námsgreinar).

	Niður- staða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Líðan				
Sjálfsálit	5,1	77	5,0	0,1
Stjórn á eigin lífi	4,7	77	5,0	-0,3
Vellíðan	4,6	77	4,6	0,0
Einelti**	4,9	77	5,3	-0,4*
Tíðni eineltis (%)	3,9%	3/77	10,3%	-6,4%
Hreyfing (%)	75,3%	58/77	70,5%	4,8%
Mataræði	4,9	77	5,0	-0,1

Nemendur skólans eru á landsmeðaltalinu hvað varðar **vellíðan** og **sjálfsálit** en sá þáttur mælir hversu mikils virði nemandinn telur sig vera. Tíðni eineltis mælist hér töluvert undir landsmeðaltali og við sjáum líka að nemendur skólans eru duglegir að hreyfa sig því matsþátturinn **Hreyfing** mælir afstöðu þeirra til hreyfingar og hvað það sé sem þeim finnst hreyfing gefa sér. Þátturinn **Mataræði** segir til um hversu oft undanfarna 7 daga nemendur borðuðu/drukku ákveðnar matartegundir svo sem ávexti, grænmeti, gosdrykki, skyndibita og vítamín. Hærra gildi á mælikvarðanum lýsir heilsusamlegu mataræði.

	Niður- staða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Skóla- og bekkjarandi				
Samsömun við nemendahóp	5,0	77	4,9	0,1
Samband nemenda við kennara	5,5	77	5,5	0,0
Agi í tímum	5,4	77	5,1	0,3*
Virk þátttaka nemenda í tímum	5,4	77	5,4	0,0
Mikilvægi heimavinnu í náminu	4,4	77	5,0	-0,6*

Nemendur skólans eru almennt sáttir og ánægðir í skólanum. Samband þeirra við kennara sína er gott og þeir taka virkan þátt í tímum. Þeir telja aga og vinnufrið í kennslustundum góðan. Það vekur því athygli að mikilvægi heimavinnu er fyrir neðan meðallag. Þeir telja heimvinnuna ekki áhugaverða og ekki skila tilætluðum árangri.

Skólapúlsinn foreldrar

Foreldrakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir í 85 grunnskólum landsins í febrúar. Í Varmahlíðarskóla var könnunin lögð fyrir í fyrsta sinn og send rafrænt út til foreldra/forsjáraðila. Tekið er líkindaúrtak úr foreldrahópi alls skólans en samtals eru það foreldrar/forsjáraðilar 120 barna sem boðið er að taka þátt í könnuninni. Sá háttur er hafður á að ef báðir foreldrar/forsjáraðilar eru með skráð netföng í skólanum þá er helmingur könnunar sendur á netfang hvors foreldris. Alls svöruðu **87,3%** foreldra-könnuninni í Varmahlíðarskóla. Foreldrakönnuninni er skipt upp í fimm efnisflokka þeir eru nám og kennsla, velferð nemenda, aðstaða og þjónusta, foreldrasamstarf og heima-stuðningur. Hver efnisflokkur samanstendur svo af mismörgum matsþáttum.

Nám og kennsla

Almennt eru foreldrar ánægðir með nám og kennslu í skólanum og telja námið í takt við grunnstoðir aðalnámskrár. 91,8% foreldra telja þyngd námsefnis hæfilega og tæp 86% foreldra telja aga í skólanum vera hæfilegan en skólinn mælist um 8% yfir landsmeðaltali á báðum þessum spurningum. 92,2% foreldra eru ánægðir með stjórnun skólans sem er rétt yfir landsmeðaltali.

Þegar foreldrar eru spurðir spurningarinnar *Finnst þér skólinn leggja of mikla, hæfilega eða of litla áherslu á að meta námsárangur með hefðbundnum prófum?* kemur í ljós að 72,6% telja áhersluna hæfilega, sem er rétt undir meðaltali, en athygli vekur að samtals 22,6% foreldra telja hana of mikla eða allt of mikla. Flestum (77,4%) finnst áhersla skólans á námsmat annað en hefðbundin próf vera hæfileg en 19,4% finnst hún of lítil.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Lands-meðaltal	Mismunur
Nám og kennsla				
Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	5,3	64	5,2	0,1
Nám í takt við grunnstoðir aðalnámskrár að mati foreldra	5,3	63	5,1	0,2*
Ánægja foreldra með stjórnun skólans (%)	92,2%	59/64	91,1%	1,1%
Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra (%)	91,8%	56/61	84,6%	7,2%
Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra (%)	85,9%	55/64	77,9%	8,0%
Hæfileg áhersla á námsmat með hefðb. prófum að mati foreldra (%)	72,6%	45/62	77,2%	-4,6%
Hæfileg áhersla á annað námsmat en hefðb. próf að mati foreldra (%)	77,4%	48/62	77,3%	0,1%

Velferð nemenda

Almennt eru foreldrar ánægðir með samskipti starfsfólks við nemendur og um 95% foreldra telur skólann mæta þörfum nemenda vel. Foreldrar telja að nemendum líði almennt mjög vel eða frekar vel í skólanum, sérstaklega í kennslustundum en síður í frímínútum en þar er skólinn 2% undir landsmeðaltali.

Það vekur athygli að umfang eineltis í skólanum að mati foreldra er 7 % yfir landsmeðaltali og að foreldrar eru ekki nógu ánægðir með eineltisáætlun skólans, þar er skólinn 7,5% undir meðaltali. Hins vegar telja foreldrar skólann vinna hratt og vel úr eineltismálum sem upp koma.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Velferð nemenda				
Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	5,3	64	4,8	0,5*
Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda (%)	95,0%	57/60	89,8%	5,2%
Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt (%)	93,7%	59/63	92,7%	1,0%
Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt (%)	96,8%	61/63	92,8%	4,0%
Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt (%)	87,3%	55/63	89,3%	-2,0%
Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra (%)	24,2%	15/62	17,2%	7,0%
Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum (%)	76,9%	10/13	61,8%	15,1%
Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum (%)	66,7%	10/15	59,2%	7,5%
Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans (%)	71,4%	35/49	78,9%	-7,5%
Meðaltímabil eineltis (ár)	1,2	16	1,4	-0,2

Aðstaða og þjónusta

Foreldrar eru ánægðir með þá aðstöðu í skóla og tómstundastarfi sem upp á er boðið en tiltölulega margir nemenda skólans taka þátt í því. Allir nemendur skólans borða í mötuneytinu og ánægja foreldra með matinn þar eru 13,2% yfir landsmeðaltali. Hlutfall nemenda sem hafa sérkennslu eða stuðning er 6,6% undir landsmeðaltali og foreldrar eru mjög ánægðir með þá þjónustu. Hlutfall nemenda í sérkennslu/stuðningi sem hafa einsaklingsáætlun er rétt um landsmeðaltal og það viljum við sjá verða herra.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Lands- meðaltal	Mismunur
Aðstaða og þjónusta				
Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	5,6	63	5,1	0,5*
Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu/frístundaheimili	5,4	36	4,9	0,5*
Hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu/frístundaheimili (%)	58,7%	37/63	35,7	23,0%
Ánægja foreldra með sérkennslu/ stuðning í skólanum (%)	100,0%	13	90,1%	9,9%
Hlutfall nemenda með sérkennslu/stuðning í skóla (%)	21,0%	13/62	27,6%	-6,6%
Tíðni sérkennslu/stuðnings (%)	63,6%	7/11	74,8%	-11,2%
Hlutfall nemenda í sérkennslu sem hafa einstaklingsáætlun (%)	30,8%	4/13	30,1%	0,7%
Hlutfall foreldra sem hafa óskað eftir sálfræðiþjónustu á skólaár (%)	4,8%	3/63	12,9%	-8,1%*
Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti (%)	87,3%	55/63	74,1%	13,2%*
Notkun á mötuneyti (%)	100,0%	63	86,3%	13,7%*

Foreldrasamstarf

Foreldrar eru sáttir við foreldraviðtöl, en 95,3% eru ánægðir með síðasta viðtal. Þeir eru einnig sáttir við heimasíðu skólans en ljóst er að skólinn getur bætt sig við að annars vegar hafa frumkvæði að foreldrasamstarfi og hins vegar því að upplýsa foreldra um stefnu skólans og námskrá. Þar er skólinn undir meðaltali.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Lands- meðaltal	Mismunur
Foreldrasamstarf				
Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	4,4	64	5,0	-0,6*
Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur (%)	52,5%	32/61	55,6%	-3,1%
Þættir í skólastarfinu sem foreldrar hafa áhrif á	-	40	-	-
Þættir í skólastarfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á	-	34	-	-
Ánægja með síðasta foreldraviðtal (%)	95,3%	61/64	94,4%	0,9%
Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	-	64	-	-
Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemanda (%)	40,6%	26/64	54,2%	-13,6%*
Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra (%)	82,5%	47/57	84,8%	-2,3%
Ánægja foreldra með heimasíðu skólans (%)	84,6%	55/65	81,8%	2,8%
Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	64,1%	41/64	73,7%	-9,6%*

Heimastuðningur

Virgni foreldra í námi barna sinna er marktækt undir landsmeðaltali og einnig er undir meðaltalinu trú foreldra á eigin getu til að aðstoða barnið við nám. 77,8% foreldra telja magn heimavinnu hæfilega en verja minni tíma til aðstoðar við heimanámið en landsmeðaltal segir. Þá er athyglisvert að væntingar foreldra til menntunarstigs barna sinna eru talsvert undir landsmeðaltali.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Heimastuðningur				
Virgni foreldra í námi barna sinna	4,4	65	4,9	-0,5*
Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið	4,4	64	4,7	-0,3
Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	4,2	65	4,4	-0,2
Hæfileg heimavinna að mati foreldra (%)	77,8%	49/63	72,8%	5,0%
Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám, +15 mín (%)	46,9%	30/64	52,4%	-5,5%
Væntingar foreldra til menntunarstigs barns síns (%)	54,5%	30/55	77,8%	-23,3%*

Skólapúlsinn starfsfólk

Starfsmannakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir í 66 grunnskólum í mars sl. Allir starfsmenn Varmahlíðarskóla tóku þátt í könnuninni í fyrsta sinn. Svarhlutfall var 85%.

Könnunin mælir fimmtán almenna þætti. Auk þeirra eru kennarar beðnir um að gefa upplýsingar um aðra 28 þætti. Skólastjórnendur fá auk þess spurningar sem snúa að rekstri skólans en þær taka til átján þátta til viðbótar. Allir starfsmenn svara tveimur fyrstu efnisflokkunum en það eru flokkarnir *almennt um skólastarfið og viðhorf til skólans*. Kennarar svara auk þess fjórum öðrum efnisflokkum en þeir eru um *kennara-starfið, starfsumhverfi, mat og endurgjöf og símenntun*. Hver efnisflokkur skiptist svo niður í mismarga matsþætti. Hér á eftir koma niðurstöður úr starfsmannakönnun sem beint var til allra starfsmanna. Niðurstöður spurninga sem beint var sérstaklega til kennara eru ekki birtar.

Allir starfsmenn – Almenn

Við erum með hærri hlutfall starfsfólks 40 ára og eldri en landsmeðaltalið segir um. Fjarvistir starfsfólks eru marktækt minni en í viðmiðunarskólum og einnig er starfsfólk ágætlega stundvíst. Tíðni áreitis eða eineltis meðal starfsfólks mælist minna en landsmeðaltal. Gagnsemi starfsmannaviðtala er góð en fjöldi þeirra er undir landsmeðaltali.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Lands- meðaltal	Mismunur
Allir starfsmenn - Almennt				
Hlutfall starfsfólks 40 ára og eldra (%)	79,4%	27	68,8%	10,6%
Fjarvera heila daga undanfarinn mánuð (dagar)	1,2	34	2,0	-0,8*dagar
Seinkoma starfsfólks undanfarinn mánuð (skipti)	0,1	34	0,3	-0,2 s.
Starfsmannaviðtöl undanfarið ár (%)	61,8%	21/34	66,4%	-4,6%
Gagnsemi starfsmannaviðtals (%)	88,2%	15/17	85,9%	2,3%
Tíðni áreitni meðal starfsfólks (%)	11,8%	4/34	16,8%	-5,0%
Tíðni eineltis meðal starfsfólks (%)	11,8%	4/34	13,0%	-1,2%

Allir starfsmenn – Viðhorf til skólans

Samkvæmt þessum tölum hefur skólinn verk að vinna við að bæta starfsanda og upplýsingastreymi innan skólans sem og stjórnun skólans að mati starfsmanna hans. Þá eru starfsmenn rétt undir meðaltali þegar litið er til starfsaðstöðu í skólanum.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Lands- meðaltal	Mismunur
Allir starfsmenn - Viðhorf til skólans				
Starfsánægja í skólanum	5,2	34	5,2	0,0
Starfsandi innan skólans	4,7	34	5,1	-0,4*
Stjórnun skólans	4,7	33	5,0	-0,3*
Upplýsingastreymi innan skólans	4,3	34	4,9	-0,6*
Starfsaðstaða í skólanum	5,0	32	5,1	-0,1

Olweusarkönnun á einelti

Olweusarkönnun er lögð fyrir nemendur í 4.-10. bekk í nóvember ár hvert. Niðurstöður foreldra- og nemendakannana er að finna á vef skólans, <http://www.varmahlidarskoli.is/> undir hleknum *foreldrar/eineltiskannanir*.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar nú segjast 5,9 % nemenda hafa orðið fyrir einelti undanfarna mánuði. Einelti mælist því minna en árið áður en þá var það 6,6%. Það er gleðilegt að talan hefur lækkað en batur má ef duga skal því enginn nemandi ætti að verða fyrir einelti.

Árleg skimun starfsfólks

Árleg skimun var lögð fyrir í annað sinn fyrir allt starfsfólks skólans í maí. Skimunin byggir á sjálfsmatskerfi skólans, Gæðagreinum 2. Hver starfsmaður gefur hverjum þætti skólastarfsins einkunn skv. einkunnaskala Gæðagreina. Jafnframt gefst starfsfólki tækifæri til að rökstyðja einkunnagjöf sína í hverjum matsþætti með frjálsu textasvari. Þannig fæst betri yfirsýn yfir viðhorf starfsfólks til einstakra þátta skólastarfsins. Skimunin er lögð fyrir með rafrænum hætti. Þegar niðurstöður nú eru bornar saman við niðurstöður frá síðasta skólaári má sjá að yfir heildina litið eru þær afar jákvæðar. Margir þættir skólastarfsins fá nú hærri einkunnir en áður. Heildarniðurstöður skimunarinnar svo og samanburð við síðasta skólaár má sjá í viðauka 1. Einnig má þar sjá hlutfall þeirra sem gefa einkunnir á bilinu 4-6, þ.e. **Gott**, **Mjög gott** eða **Framúrskarandi**, í hverjum matsþætti.

Hér eru dregnar saman helstu niðurstöður úr skimuninni sem þarfnast úrbóta að mati starfsfólks:

- Þróun skólanámskrár sbr. Aðalnámskrá grunnskóla 2011.
- Áfram þarf að þróa og bæta námsmatsaðferðir.
- Huga þarf áfram að námsmenningu og fjölbreytni í náms- og kennsluaðferðum.
- Náms- og starfsráðgjöf þarf að móta og stórbæta.
- Setja þarf fram skýra stefnu skólans og sýn, með þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra/forsjáraðila og samstarfsstofnana.
- Efla þátt starfsfólks, nemenda, foreldra og samstarfsaðila um stefnumótun og áætalanagerð.
- Auka þátt foreldra/forsjáraðila í starfi skólans.
- Auka þarf gæði þróunaráætlana og skilvirkni í eftirfylgni þeirra.
- Þverfaglega samvinnu starfsfólks við samstarfsaðila, svo sem aðrar menntstofnanir, samfélagið, sérfræðiþjónustu, atvinnurekendur, sveitarstjórnir, má auka og bæta.
- Auka ber möguleika starfsfólks til starfsþróunar og endurmenntunar.
- Nýta skólahúsnæðið betur til að skapa hvetjandi og öruggt námsumhverfi.
- Forysta, stjórnun, þ.m.t. fjármálastjórnun má vera skýrari.
- Efla forystu sem beinist að sköpun, nýbreytni- og þróunarstarfi.
- Nýta betur upplýsingar úr námsmati skólastarfi til árangurs.
- Auka þarf þáttöku foreldra/forsjáraðila og fjölskyldna í starfi skólans.

Samantekt niðurstaðna og áform um þróunar- og nýbreytnistarf

Freyja Friðbjarnardóttir, sem hóf starf sem skólastjóri Varmahlíðarskóla í ágúst 2013, fór í veikindaleyfi um miðjan október 2014 og sneri ekki aftur til starfa fyrir skólann. Hún sagði upp stöðu sinni 1. maí 2015. Kristvina Gísladóttir, aðstoðarskólastjóri, leysti Freyja af í vetur en ekki var ráðið í starf Kristvinu. Ljóst er að þróunarstarf í vetur var ekki eins markvisst og æskilegt hefði verið m.a. af þessum sökum. Starfsemi og framtíðaráætlanir skólans bera vissulega keim af því að enn á ný þarf að ráða nýjan skólastjóra sem á eftir að koma til starfa og setja sig inn í málin. Sjálfsmat þessa vetrar og skimanir meðal starfsmanna, foreldra og nemenda gefa þó ekki ástæðu til að ætla að stórbreytingar hafi orðið á þeim málum sem voru efst á baugi hvað varðar stefnumótun, áætlana- og þróunarstarf þegar sjálfsmatsskýrsla skólaársins 2013-2014 var tekin saman.

Brýnt er að vinna áfram að því að setja fram nýja skólanámskrá þar sem tekið er tillit til áherslu nýrrar Aðalnámskrár grunnskóla. Ýmsar áætlanir hafa verið í vinnslu og verða það áfram. Þar eru efst á blaði starfsmannahandbók, símenntunaráætlun o.fl. Áfram þarf að vinna með sýn skólans og stefnu með þátttöku sem flestra aðila. Skoða þarf starfshætti, kennsluaðferðir, námsmat, hópastærðir og aukna samvinnu starfsfólks. Ábyrgð nemenda á eigin námi með markmiðasetningu til lengri og skemmri tíma er mál sem alltaf kemur upp úr umræðunni og þarf að skoða og ræða. Hér verður stiklað á atriðum sem kannanir og annað mat leiddi í ljós:

- Setja þarf fram skýra stefnu skólans og sýn, með þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra/forsjáraðila og samstarfsstofnana. Gildi skólans þurfa að vera sýnilegri.
- Leggja þarf meiri áherslu á nýbreytni- og breytingastarf.
- Okkur finnst úrvinnsla úr sjálfsmatinu mætti ígrunda betur. Við vinnum vinnuna en eftirfylgnin er ef til vill ekki í samræmi við vinnuna sem starfsfólk leggur í matið
- Leggjast í að semja skólanámskrá og ljúka því sem áður hefur verið byrjað á í að móta sýn og stefnu fyrir skólann. Taka lítið fyrir í einu og ljúka við atriðin eitt og eitt. Gera þessa vinnu sýnilegri, tala um þessi hugtök og hvaða þýðingu þetta hefur fyrir okkur og skólastarfið allt
- Námsáætlanir þurfa að vera sýnilegar á heimasíðu skólans.
- Vantar betri samfellu yfir hvað er kennt í hverjum árgangi og að kennarar hafi betri yfirsýn yfir námsþættina.
- Efla markvissari endurgjöf til nemenda, til dæmis með því að taka upp leiðsagnarmat í Mentor.
- Nýta betur það námsmat sem fram fer t.d. reglubundin próf, skimunarpróf, samræmd próf o.fl. til upplýsinga og áætlanagerðar. Einnig hafa prófin oft að geyma upplýsingar um almenn atriði í námi sem ætti kannski að nýta betur til leiðsagnar.

- Flutningur nemenda á milli ára er oft veikur punktur sérstaklega ef um kennaraskipti er að ræða. Þetta væri hægt að auðvelda með notkun umsagna með einkunnagjöf og meiri skrásetninga
- Hafa fundi kennara á hverju stigi fyrir sig – eftir námsmat og samræma áframhaldandi kennslu, deila niðurstöðum með starfsfélögum
- Efla traust, samvinnu og opna samræðu meðal starfsfólks innanhúss
- Gera einstaklingsnámskrár virkari í námi nemenda með sérþarfir
- Auka þátttöku foreldra við gerð einstaklingsnámskráa
- Hafa formlegar samræður reglulega á milli nemanda og kennara um námsstöðu þar sem nemandi er knúinn til að skoða sjálfan sig og meta sem námsmann
- Auka ábyrgð nemenda á eigin námi
- Markmiðasetning ætti að vera sjálfsagður hluti af námi og mikilvægt að gera markmiðin sýnileg
- Gera námskrá í upplýsingatækni í öllum bekkjum, hvað á að kenna hverjum
- Auka þátt upplýsingatækni í öllu námi og gera verkefni nemenda sýnilegri
- Efla þarf endurmenntun starfsfólks í upplýsingartækni
- Setja þarf fram raunhæfa símenntunaráætlun sem tekur mið af niðurstöðum sjálfsmats auk áhuga einstaka starfsfólks
- Auka fjárveitingar til tækjakaupa og búnaðar og bæta þannig tækjakost skólans.
- Bæta netsamband og auðvelda einstaklingsmiðun forrita fyrir nemendur
- Verkfæri fyrir upplýsingatækni ættu vera fleiri og staðsett víðar í skólahúsnæðinu, frammi á göngum, inni í bekkjarstofum og spjaldtölvur ættu að vera í hverri stofu á yngsta stigi
- Að færa náms- og kennsluhætti nær því að koma til móts við þarfir samfélags og atvinnulífs framtíðarinnar
- Leggja áhersla lögð á umfjöllun um jafnrétti í skólastarfi
- Nemendur kalla eftir að fá að koma skoðunum sínum meira á framfæri og að tekið sé tillit til skoðana þeirra
- Nemendur fái meira val um námsefni og námsaðferðir
- Nemendur kalla eftir fleiri raunhæfum verkefnum sem tengjast daglegu lífi þeirra.
- Auka má enn við fjölbreytni í valáföngum

Áætlun um innra mat 2014-2017

Skólaár	2014-2015	2015-2016	2016-2017
Haustönn	Samráðsdagur með foreldrum í október	Samráðsdagur með foreldrum í október	Samráðsdagur með foreldrum í október
	Mat nemenda á skólastarfi í nóvember	Mat nemenda á skólastarfi í nóvember	Mat nemenda á skólastarfi í nóvember
	Lykilþáttur 6	Lykilþáttur 1, 2 og 3	Lykilþáttur 4
Vorönn	Samráðsdagur/foreldrakönnun í janúar	Samráðsdagur/foreldrakönnun í janúar	Samráðsdagur/foreldrakönnun í janúar
	Lykilþáttur 5	Lykilþáttur 8	Lykilþáttur 7 og 9
	Nemendakönnun febrúar	Nemendakönnun febrúar	Nemendakönnun febrúar
	Samráðsdagur með foreldrum í apríl	Samráðsdagur með foreldrum í apríl	Samráðsdagur með foreldrum í apríl
	Mat nemenda á skólastarfi í apríl	Mat nemenda á skólastarfi í apríl	Mat nemenda á skólastarfi í apríl
	Árleg skimun starfsfólks í maí	Árleg skimun starfsfólks í maí	Árleg skimun starfsfólks í maí
	Sjálfsmatsskýrsla í júní	Sjálfsmatsskýrsla í júní	Sjálfsmatsskýrsla í júní

Viðauki 1 Árleg skimun

Viðauki 1, árleg skimun starfsfólks vor 2015

	1 Ófultægandi	2 Sakt	3 Næglegt	4 Gott	5 Mjög gott	6 Framúrskarandi	Svörin	Meðaleinkunn	% m eink 4-6 2015	% m eink 4-6 2014	% m eink 4-6 2013
Hver eru gæði námsárangurs nemenda að þínu mati?	0	0	1	10	13	0	24	4,50	96%	100%	100%
Á hvaða hátt finnst þér skólastarfið samræmast lögum og reglum m.t.t. vilja til að taka leiðsögn og fylgja tilmælum um starfshætti?	0	0	1	10	12	0	23	4,48	96%	100%	97%
Hvaða mat leggur þú á að hve miklu leyti áhugi nemenda er vakinn og þeir hvattir til virkrar þátttöku í eigin námi og þroska?	0	0	0	16	11	0	27	4,41	100%	92%	93%
Hvernig finnst þér þátttaka foreldra/forsjáraðila og fjölskyldna vera í starfi skólans?	0	3	5	11	9	0	28	3,93	71%	96%	94%
Hvernig metur þú skuldbindingu starfsfólks og virka þátttöku þess í starfi skólans?	0	0	2	4	19	1	26	4,73	92%	100%	91%
Hvaða mat leggur þú á umfang þátttöku skólans í nærsamfélaginu?	0	0	0	11	15	1	27	4,63	100%	100%	94%
Hvernig metur þú áhrif skólans á samfélagið í heild?	0	1	0	10	16	0	27	4,52	96%	100%	91%
Hvaða mat leggur þú á gæði skólanámskrárinnar?	6	3	1	5	3	0	18	2,78	44%	44%	44%
Hvernig metur þú námsmenningu og fjölbreytni í náms- og kennsluáðferðum?	0	1	3	14	6	0	24	4,04	83%	77%	63%
Á hvaða hátt finnst þér verkefni, viðfangsefni og úrræði mæta námsþörfum allra nemenda?	0	1	2	10	11	1	25	4,36	88%	96%	86%
Hvaða mat leggur þú á hvernig greiningu á námsþörfum nemenda er háttað?	0	0	2	9	12	2	25	4,56	92%	96%	86%
Hvaða mat leggur þú á hvernig einstaklingsnámskrám og stuðningsáætlunum er framtíð fylgt í samræmi við ákvæði laga?	0	0	2	6	13	4	25	4,76	92%	88%	86%
Hvaða mat leggur þú á þær námsmatsaðferðir sem notaðar eru í skólanum?	0	1	4	13	7	0	25	4,04	80%	84%	74%
Á hvaða hátt finnst þér upplýsingar úr námsmati vera nýttar m.t.t. áframhaldandi úrvinnslu og þess að stuðla að bættu skólastarfi?	0	0	3	15	3	0	21	4,00	86%	70%	71%
Hvernig metur þú hvernig tekst til við að efla og viðhalda skólabrag sem stuðlar að árangri?	0	0	3	13	7	0	23	4,17	87%	90%	94%
Á hvaða hátt myndir þú lýsa samskiptum starfsfólks og nemenda?	0	0	0	3	20	3	26	5,00	100%	100%	100%
Á hvaða hátt finnst þér að stuðlað sé að jafnrétti og samngirni í skólastarfinu?	0	0	1	10	15	0	26	4,54	96%	97%	94%
Hvernig metur þú þátttöku foreldra/forsjáraðila í námi barna sinna og starfi skólans?	0	1	3	14	7	0	25	4,08	84%	91%	86%
Hvaða mat leggur þú á þær aðferðir og úrræði sem notuð eru í skólanum til að mæta tilfinningalegum, líkamlegum og félagslegum þörfum barna og ungmenna?	1	0	1	10	13	0	25	4,36	92%	93%	97%
Hvaða mat leggur þú á gæði náms- og starfsráðgjafar sem skólinn veitir?	5	8	2	4	3	0	22	2,64	32%	48%	48%
Hvernig metur þú hvernig unnið er að þróun og umbótum í skólastarfi í gegn um sjálfsmat?	1	4	4	8	2	0	19	3,32	53%	73%	71%
Hvaða mat leggur þú á hvernig skólastefnu okkar er viðhaldið svo hún stýri starfi sem leiðir til aukins árangurs fyrir nemendur og veiti þannig skýra og hnitmiðaða leiðsögn?	0	4	1	13	2	0	20	3,65	75%	65%	73%
Hversu virk finnst þér þátttaka starfsfólks, nemenda, foreldra og samstarfsstofnana vera um stefnumótun og áætlanagerð í skólastarfinu?	0	2	7	13	0	0	22	3,50	59%	60%	66%
Hvaða mat leggur þú á mótun þróunaráætlana, framkvæmd þeirra og eftirfylgni?	0	8	5	6	0	0	19	2,89	32%	60%	50%
Hvaða mat leggur þú á fagmennsku og hæfni starfsfólks skólans?	0	0	0	7	16	3	26	4,85	100%	93%	97%
Hvernig metur þú hvernig umsjón er um velferð starfsmanna m.t.t. ábyrgðar, réttar og umhyggju?	1	1	3	11	8	0	24	4,00	79%	89%	81%
Hvaða mat leggur þú á nýtingu mannafla bæði starfsmanna innan skólans og sérfræðinga utan skólans?	0	4	3	9	10	0	26	3,96	73%	79%	97%
Hvaða mat leggur þú á skilvirkni teymisvinnu starfsfólks og samstarfsaðila?	0	1	4	10	8	1	24	4,17	79%	75%	73%
Hvaða mat leggur þú á möguleika starfsfólks til starfsþróunar og endurmenntunar?	0	3	0	13	8	0	24	4,08	88%	70%	61%
Hvernig metur þú gæði þverfaglegrar samvinnu og samstarfs skólans við samstarfsaðila (s.s. aðrar menntastofnanir, samfélagið, sérfræðipjónustu, atvinnurekendur, sveitarstjórn)?	1	2	4	9	4	0	20	3,65	65%	74%	73%
Hvernig metur þú fjármálastjórnun skólans?	0	1	5	3	6	0	15	3,93	60%	53%	67%
Á hvaða hátt finnst þér húsnaði skólans, aðbúnaður og aðstaða vera nýtt til að skapa hvetjandi og öruggt námsumhverfi?	3	8	4	10	1	0	26	2,92	42%	78%	65%
Hvaða mat leggur þú á hvernig skólinn varðveitir, greinir, metur og nýtir upplýsingar úr skólastarfinu til að efla nám og auka árangur nemenda?	1	0	1	14	5	0	21	4,05	90%	62%	83%
Hvernig metur þú samhljóm nemenda, foreldra, starfsfólks og nærsamfélagsins um sýn, gildi og markmið skólans?	0	3	2	11	6	0	22	3,91	77%	89%	97%
Hvernig metur þú forystu um framtíðarþróun skólastarfs sem byggð er á grunni sýnar, gilda og markmiða skólans í þeirri viðleitni að ná framúrskarandi árangri?	0	5	1	11	3	0	20	3,60	70%	70%	90%
Hvernig finnst þér unnið að eflingu forystuhæfni og samvinnu starfsfólks og nemenda?	0	1	5	11	2	0	19	3,74	68%	67%	69%
Hvaða mat leggur þú á forystu og stjórnun er beinist að sköpun, nýbreytni og breytingastarfi?	1	4	2	11	2	0	20	3,45	65%	67%	63%
Hvert er mat þitt á eigin fagmennsku í starfi?	0	0	5	8	13	0	26	4,31	81%	96%	93%
Hvaða mat leggur þú á aðbúnað og aðstöðu mótuneytis í Varmahlíðarskóla þ.m.t. eldhúsaðstöðu, matsals nemenda og hreinlætis- og umhverfissjónarmiða?	2	0	0	3	18	3	26	4,69	92%	93%	94%
Hvaða mat leggur þú á hollustugildi máliða og fjölbreytni í fæðuframboði í mótuneyti skólans?	0	0	0	1	18	6	25	5,20	100%	93%	88%
Hvaða mat leggur þú á hvernig umhverfissjónarmið eru í heiðri höfð í skólastarfinu (s.s. flokkun sorps, innkaup, fræðsla til nemenda og starfsfólks um umhverfisvernd)?	0	0	0	8	17	1	26	4,73	100%	97%	100%
Hvernig liður þér á vinnustað?	0	0	1	5	15	4	25	4,88	96%	93%	91%

Viðauki 2 Einkunnaskali

6	Framúrskarandi	Framúrskarandi eða leiðandi á sínu sviði
5	Mjög gott	Afar sterkur þáttur
4	Gott	Mikilvæg atriði yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri
3	Nægilegt	Sterk atriði rétt ná að vega meira en slök
2	Slakt	Mikilvæg atriði slök
1	Ófullnægjandi	Afar slakur þáttur

Skólastarf er hægt að meta út frá margvíslegum forsendum. Við þurfum að hafa í huga að þegar við gefum okkur einkunn með gæðastöðlum erum við að nota fagþekkingu okkar fremur en tæknilega úrvinnslu. Þrátt fyrir það ættu eftirfarandi almennar leiðbeiningar ávallt að vera notaðar.

Matið **framúrskarandi** er notað að uppfylltum skilyrðum fyrir framúrskarandi árangri á tilteknu sviði þar sem skólinn er leiðandi á sínu sviði á landsvísu. Námsreynsla nemenda og árangur þeirra eru framúrskarandi. Matið **framúrskarandi** er gefið fyrir framúrskarandi gæði skólastarfs og er dæmi um bestu framkvæmd/verklag og er þess verðugt að útbreiða/kynna til aðila utan skólans. Það felur í sér að hágæða skólastarf er sjálfbært og verður við haldið.

Matið **mjög gott** á við um þegar skólastarf einkennist af styrkleika. Mjög fá sóknarfæri eru til umbóta og engin atriði sem sýnilega rýra námsreynslu nemenda. Þrátt fyrir að matið **mjög gott** merki mikil gæði í kennslu og starfi ættu allir að geta náð því. Það felur í sér að skólastarf geti haldið áfram án meiriháttar breytinga. Þrátt fyrir það eru þær væntingar gerðar til skólans að hann nýti hvert tækifæri til umbóta og kappkosti að verða framúrskarandi.

Matið **gott** á við um starf sem einkennist af styrkleika mikilvægra atriða sem saman vega greinilega meira en atriði sem þarf að bæta. Matið **gott** gefur vísbendingar um að þeir styrkleikar sem dregnir eru fram hafi greinilega jákvæð áhrif. Þrátt fyrir það eru gæði námsreynslu nemenda skert á einhvern hátt á atriðum þar sem umbóta er þörf. Það bendir til að skólinn ætti að leitast við að skjóta styrkari stoðum undir styrkleika samhliða því að grípa til aðgerða gagnvart þeim sviðum sem þarfnast umbóta.

Matið **nægilegt** á við um að sterk atriði rétt ná að vega meira en slök. Matið **nægilegt** gefur til kynna að nemendur njóti grunnþjónustu. Það greinir frá aðstæðum þar sem styrkleikar hafa jákvæð áhrif á námsreynslu nemenda. Þrátt fyrir að veikleikar séu ekki það mikilvægir að þeir hafi stöðug neikvæð áhrif þrengja þeir þó að gæðum námsreynslu nemenda þegar á heildina er litið. Matið bendir til að skólinn ætti að grípa til aðgerða vegna veikra þátta með því að byggja á styrkleika sínum.

Matið **slakt** gefur til kynna að sum atriði séu sterk, en mikilvæg atriði slök. Almennt má búast við því að matið **slakt** komi fram í fjölda aðstæðna. Þrátt fyrir að sjá megi einhverja sterka þætti eru mikilvæg atriði slök og munu annað hvort á stöku stað, eða þegar þau eru tekin saman, skerða námsreynslu nemenda verulega. Matið bendir á þörfina á skjótum, skipulögðum og virkum aðgerðum af hálfu skólans.

Matið **ófullnægjandi** gefur til kynna að mikilvæg atriði skólastarfs séu slök og þarfnist tafarlausra úrbóta. Námsreynsla nemenda er í hættu í veigamiklum atriðum. Í nánast öllum tilfellum þarf starfsfólk, sem ber

ábyrgð á starfi sem leiðir til matsins *ófullnægjandi*, á stuðningi skólastjórnenda að halda við að skipuleggja og hrinda í framkvæmd nauðsynlegum umbótum. Þetta getur falið í sér að vinna með öðru starfsfólki eða samstarfsstofnunum utan skólans sé nauðsynleg.